

**SKOÐUN** Af hverju vísaði Alþingi stjórnarskrárfrumvarpi til erlendra sérfræðinga? spyr Ágúst Þór Árnason 12



**MENNING** Kvikmyndahátíðin Riff leggur land undir fót og ferðast til Rómar. 26



**SPORT** Guðmundur Guðmundsson og Alfreð Gíslason mætast í leik ársins í þýska boltanum í kvöld. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
28. nóvember 2012
281. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Algengt að kynferðisbrotamenn gefi drengjum gjafir

Meirihluti dæmdra kynferðisbrotamanna sem brjóta gegn drengjum reynir að kaupa þögn þeirra með gjöfum. Peningar eru algengustu múturnar, samkvæmt nýrri rannsókn á öllum dómum Hæstaréttar frá 1920 til 2012.

**DÓMSMÁL** Umbun af einhverju tagi frá ofbeldismönnum til þolenda virðist einkenna kynferðisbrot gegn drengjum. Algengast er að gerendur í slíkum málum reyni að múta drengjum með peningum, en einnig er sælgæti, sígarettur og áfengi algengt form umbunar frá ofbeldismönnum til þolenda sinna.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í yfirgripsmikilli rannsókn Svölu Ísfeld Ólafsdóttur, dósents við lagadeild Háskólans í Reykjavík, á öllum dómum Hæstaréttar frá stofnun hans árið 1920 til loka apríl síðastliðins er varða kynferðisbrot gegn drengjum.

Samkvæmt skoðun á dómunum virðast drengir vera líklegri en stúlkur til að vera misnotaðir kynferðislega af ókunnugum, en þolandi þekkti ekki ofbeldismanninn í meira en helmingi tilvika. Þolendur voru kunnugir gerandanum í 33 prósentum tilvika og í einu tilviki misnotaði maður ungan frænda sinn í tólf ár. Í fjörutíu prósentum dómanna var um endurtekið brot að ræða.

„Má telja það nokkuð athyglisvert í ljósi þess hve margir gerendur voru drengjunum ókunnugir og því kannski eðlilegt að gera ráð fyrir að svona nokkuð myndi ekki henda sama þolandann nema einu sinni. Það sem virðist skýra þetta er hversu mörgum drengjanna var umbunað,“ segir Svala í skýrslu sinni. „Þetta er aðferð sem gerendurnir notuðu til þess að komast í samband við drengina og til þess að halda misnotkuninni áfram. Þeir freista þeirra með gjöfum.“

Hún bendir á að í ljósi þess að gerendur eru oftast ókunnugir drengjunum njóti þeir þar með ekki trausts þeirra. Þetta sé því leið þeirra til að tryggja sér þagmælsku. - sv / sjá síðu 8

### ➜ Reyndu að kaupa þögn 25

Samtals hafa fallið 22 dómar þar sem ákært var fyrir kynferðisbrot gegn dreng frá árinu 1920 til 23. apríl 2012.

**25 þolendur af 44 fengu gjafir af einhverju tagi frá ofbeldismanninum.**

| | |
|---|---|
| 19 | Peningar |
| 7 | Sælgæti |
| 4 | Áfengi |
| 2 | Sígarettur |
| 2 | Ökutímar |
| 2 | Utanlandsferð |
| 1 | Bíóferð |

**16** karlar sakfelldir í Hæstarétti fyrir kynferðisbrot gegn drengjum.

## FRÉTTIR




### Á sakaskrá fyrir iPad

Ef ferðamenn fá meira en 50.000 króna sekt fyrir að fara í græna hliðið með of dýran hlut fara þeir á sakaskrá. 4

**Knappur tími** Fastanefndir Alþingis hafa tvær vikur til að veita umsögn um valda hluta stjórnskipunarlaga. 2

**Geitum fer fjölgandi** Mjög hefur fjölgað í íslenska geitastofninum síðustu ár og telur hann nú rúmlega 800 dýr. Betur má þó ef duga skal. 2

**Lækkandi lyfjaverð** Forstjóri Vistors segir lyfjaverð til sjúkrahúsa á Íslandi orðið það lægsta á Norðurlöndum. 4




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | SA | 12 |
| Akureyri | -2° | SA | 5 |
| Egilsstaðir | -3° | S | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | SA | 6 |
| Reykjavík | 4° | SA | 13 |

**BJART NA-TIL** Í dag verða suðaustan 8-15 m/s S- og V-lands og úrkoma en annars hægari og úrkomulítið. Hiti 0-6 stig en vægt frost NA-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Flokkun | Fólk**






**BRENNANDI ÁHUGI** Slökkviliðsmenn æfa nú stíft fyrir heimsleika slökkviliðs- og lögreglumanna sem haldnir verða í Belfast á næsta ári. Í gær notuðu þeir sér frábærar aðstæður á Reykjavíkurtjörn og tóku íshokkíæfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslensku tónlistarverðlaunin:

## Plata Hjaltalín ekki gjaldgeng

**MENNING Nýútkomin plata hljómsveitarinnar Hjaltalín, Enter 4, er ekki gjaldgeng til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem verða afhent í febrúar á næsta ári. Ástæðan er sú að fresturinn til að skila inn tilnefningum hefur verið færður fram um tvær vikur, eða til 15. nóvember. Þær plötur sem koma út eftir þann tíma, þar á meðal Enter 4, koma því ekki til greina þegar verðlaunin verða afhent. Í staðinn eru þær gjaldgengar árið 2014.**

**„Ég held að fólk skilji að það verður einhvers staðar að draga mörkin,“ segir María Rut Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna. Hún bætir við að verðlaunin snúist um að vekja athygli á því sem vel er gert og hjálpa til við sölu fyrir jólin.**

- fb / sjá síðu 26






Sigríður I. Ingadóttir þingkona segir viðbrögð við orðum sínum yfirdrifin:

## Segir ummælin ekki óheppileg

**FJÁRMÁL** Sigríður Ingibjörg Ingadóttir alþingiskona segir viðbrögðin við ummælum sínum um stöðu Íbúðalánasjóðs (ÍLS) í gær hafa verið yfirdrifin og ekki í samræmi við stöðu mála.

Yfirlýsingar Sigríðar birtust á fréttavef Bloomberg í gærmorgun. Viðskipti með bréf Íbúðalánasjóðs voru þegar stöðvuð í Kauphöll Íslands og forstjóri hennar gagnrýndi þingmanninn harðlega.



Aðspurð hvort ummælin hafi verið óheppileg, einkum varðandi tímasetningu, fellst Sigríður ekki á það. Stóra málið sé kostnaðurinn sem lendir á ríkissjóði vegna ÍLS.

„Ég bjó ekki yfir innherjaupplýsingum. Það vita allir sem vilja vita, og hafa fylgst með málum sjóðsins, að uppgreiðsluáhætta er hans stærsta áhætta.“

Hún segir hörð viðbrögð við ummælunum lýsa hjarðhegðun. „Þessi viðbrögð eru einkennileg á meðan 50 milljarðar falla á ríkissjóð og þar með almenning vegna Íbúðalánasjóðs. Vandinn er ekki mín orð heldur þessi staðreynd.“

- þj / sjá síður 2 og 6







## SPURNING DAGSINS



Birgir, þurfa menn ekki bara að halda ró sinni?

**„Jú, nú er þýðingarmest að flokkurinn tapi ekki Rósinni."**

Allt er komið í háaloft hjá Samfylkingunni í Reykjavík. Félagar í Jafnaðarmannafélaginu Rósinni fengu ekki að taka þátt í prófkjöri og íhuga að fara með málið fyrir dóm.

Fastanefndir Alþingis eiga að skila umsögnum um ný stjórnskipunarlög:

# Kalla eftir fleiri umsögnum

**ALÞINGI** Fastanefndir Alþingis hafa nú tvær vikur til að fjalla um og veita umsögn um valda hluta stjórnskipunarlaganna, sem lögð voru fram á þingi í haust í kjölfar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að nýrri stjórnarskrá. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd deildi fyrir helgi tilteknum köflum niður á þingnefndir, en þeim er ætlað að skila af sér fyrir 10. desember.

Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, segist meðvituð um að nefndunum sé gefinn knappur tími en látið verði reyna á hvort þetta hafist ekki á þessum tíma. Ef ekki, verði skoðað hvort skilafrestur verði framlengdur í einhverjum tilvikum.



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Þá stendur til að kalla á næstu dögum eftir umsögnum og athugasemdum frá almenningi, fræðimönnum og félagasamtökum, en ekki hefur verið ákveðið hversu langur frestur verður gefinn til umsagna. „Við höfðum þennan hátt á í fyrra og fengum þá mikið inn af umsögnum," segir Valgerður, en tekin verður ákvörðun um fyrirkomulagið á fundi nefndarinnar í dag. „Ég geri hins vegar ráð fyrir að flestir sem að þessu koma séu sama fólk og kom að þessu í fyrra," segir hún. Vegna þessa geti athugasemdafresturinn verið knappari en ella. **- óká**

Fékk 40 sentímetra skurð:

# Þrír slagsmálahundar ákærðir

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákærur á hendur þremur piltum sem tókust á í Tryggvagötu, austan við Kolaportið, í mars.

Einn piltanna fór sýnu verst út úr átökunum. Hann var skallaður í höfuðið, sleginn ítrekað og skorinn með dúkahníf þannig að hann fékk fjörutíu sentímetra sár niður með kviðnum og aftur á bak.

Hann er engu að síður ákærður í málinu, enda tók hann þátt í því ásamt öðrum að lumbra á þeim með hnífinn, segir í ákæru. **- sh**



**JÓLIN KOMA** Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar, raðar jólapökkum ásamt eiganda Jólabúðarinnar og varaformanni samtakanna. MYND/FJÖLSKYLDUHJÁLP ÍSLANDS

Úthlutun Fjölskylduhjálpar hefst í dag:

# Gefa pakka frá Jólabúðinni

**HJÁLPARSTARF** Fjölskylduhjálp Íslands afhendir í dag jólapakka sem Litla jólabúðin á Laugavegi hefur undirbúið undanfarna mánuði. Pökkunum verður úthlutað með matargjöfum.

Þá er þurfandi jafnframt boðið upp á hársnyrtingu í dag á milli tíu og fjögur. Þar gefa þrír hárgreiðslumeistarar vinnu sína.

Hefðbundin matarúthlutun hefst klukkan tvö í dag og stendur til hálffimm. Tekið er á móti bókunum fyrir jólaaðstoð alla virka daga að Eskihlíð 2 og í Reykjanesbæ frá tvö til fimm. **- sh**

## NÁTTÚRA

### Kindur drápust í snjóflóði

Þrjár kindur hið minnsta drápust þegar stórt snjóflóð féll við Þrílæki í Árneshreppi á Ströndum í síðustu viku. Upp komst um dauða þeirra þegar hrafnar sáust á flugi yfir flóðinu, og reyndist tófa byrjuð að éta hræin. Mögulegt er að mun fleiri kindur séu undir flóðinu.

## BJÖRGUN

### Ósjálfbjarga ferðamenn

Björgunarsveitin Lífsbjörg í Snæfellsbæ þurfti að hjálpa erlendum ferðamönnum á tveimur bílum sem voru fastir vegna hálku á sunnanverðu Snæfellsnesi á sunnudag. Báðir bílarnir voru á afar lélegum dekkjum.

Atkvæðagreiðsla á morgun:

# Staða Palestínu rædd á þingi SÞ

**PALESTÍNA** Staða Palestínu kemur aftur til umræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á morgun, réttu ári eftir að Alþingi Íslendinga viðurkenndi sjálfstæði Palestínuríkis.

Greidd verða atkvæði um ályktun sem hefði í för með sér að Palestína fengi stöðu áheyrnarríkis á vettvangi Sameinuðu þjóðanna án þess þó að fá fulla aðild.

Þetta myndi styrkja stöðu Palestínu á alþjóðavettvangi. Alls hafa 132 ríki, eða um þriðjungur allra aðildarríkja SÞ, viðurkennt sjálfstæði Palestínu. **- gb**

# Segir íslensku geitina geta unnið fyrir sér

**Áhugafólk um íslenska geitastofninn boðar til málþings á degi geitarinnar. Stofninn hefur eflst mikið síðustu ár, en er enn á válista. Málefni geitarinnar hafa ekki fengið hljómgrunn hjá stjórnvöldum, sem ber þó skylda til að vernda stofninn.**

**LANDBÚNAÐUR** Þrátt fyrir að geitastofninn á Íslandi hafi verið á stöðugri uppleið síðustu árin og telji nú rúmlega 800 dýr telst hann enn í útrýmingarhættu. Meðal þess sem hamlar eflingu stofnsins er hve afurðir dýranna eru illa nýttar. Á föstudaginn er dagur geitarinnar og af því tilefni verður haldið málþing um íslensku geitina.

Geiturnar 800 eru í eigu um 50 einstaklinga hér á landi, en í flestum tilfellum er um að ræða frístundabúskap og gagnger geitabúskapur er aðeins í einu eða tveimur býlum.

Dominique Plédel Jónsson, sem er í stjórn Geitfjárseturs, áhugafólks um geitastofninn, segir að lykillinn að því að gera stofninn sjálfbæran sé að dreifa geitinni betur um landið og nýta afurðirnar að fullu.

„Við þurfum að setja upp fræðslusetur um geitur og geitaafurðir og út frá því þarf að koma upp sérhæfðri aðstöðu til að vinna geitaafurðir við býlið."

Hugmyndin, segir Dominique, er að setja upp aðstöðu við Háafell í Borgarfirði þar sem stærsta geitabú landsins er rekið af Jóhönnu Þorvaldsdóttur og Þorbirni Oddssyni, manni hennar.

„Það er ekki hægt að halda uppi dýrastofni einfaldlega sem gæludýrum, en geitur geta vel unnið fyrir sér," segir Jóhanna og vísar þar til afurða eins og mjólkur, osta, ullar og skinns, auk þess sem sápur og krem eru unnin úr geitatólg.



**GEITABÓNDI** Jóhanna Þorvaldsdóttir á Háafelli gagnrýnir áhugaleysi stjórn valda á geitum.

Jóhanna segir mikinn áhuga á geitaafurðum og hundruð manna sæki býlið heim á sumri. Áhugi stjórnvalda sé þó ekki eins mikill, sem sé skrítið í ljósi þess að yfirvöldum beri að vernda stofna á válista.

„Það er fráleitt að þurfa að fara ár eftir ár til að sækja aðstoð upp í ráðuneyti. Í þau fjórtán ár sem ég hef staðið í þessu hefur ekki tekist að marka nokkurn farveg eða stefnu fyrir geitastofninn," segir Jóhanna.

Hún segist loks vonast til þess að málþingið muni vekja athygli á stöðunni og verða hvatning til þess að ástandið breytist til batnaðar á framhaldinu. **thorgils@frettabladid.is**

## Óblandaður stofn frá landnámi




Geitur voru meðal bústofns sem landnámsmenn fluttu með sér til landsins og eru geiturnar í dag beinir afkomendur landnámsgeitanna. Stofninn hefur sveiflast í áranna rás. Í byrjun fjórða áratugarins voru tæplega 3.000 geitur á Íslandi. Þeim hafði meðal annars fjölgað þar sem þær hentuðu vel til að halda í þéttbýli. Þær voru þó bannaðar í bæjum og þorpum undir lok fjórða áratugarins. Eftir það fór þeim ört fækkandi og voru aðeins 87 talsins árið 1962. Síðan þá hefur leiðin legið hægt upp á við og stofninn nú er rúm 800 dýr í heildina. Nokkuð er þó í land með að ná 1.000 huðnum sem er viðmiðið til að stofninn fari af válista.

HEIMILDIR: GEITUR.IS OG HAGSTOFA ÍSLANDS




Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is


Lokað á viðskipti með bréf Íbúðalánasjóðs í Kauphöll Íslands í fjóra tíma:

# Gagnrýndu ummæli þingmanns

**FJÁRMÁL** Ummæli Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, formanns velferðarnefndar Alþingis, um vanda Íbúðalánasjóðs, í gær vöktu hörð viðbrögð þar sem Kauphöll Íslands lokaði með annars á viðskipti með íbúðabréf í fjóra tíma.

Sigríður sagði í viðtali við fréttavef Bloomberg, sem birtist í gærmorgun, að Íbúðalánasjóður (ÍLS) þyrfti að endursemja um skilmála skulda sinna og að afnema þyrfti ríkisábyrgð á ÍLS.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, sagði í viðtali við Vísi að ummælin hefðu verið óheppileg í ljósi stöðu Sigríðar í ákvarðanatöku um mál sjóðsins.Í framhaldinu þyrfti Kauphöllin að fara yfir með þingmönnum og stjórnvöldum „að gæta sín þegar kemur að ummælum sem varða skráð verðbréf".



**ÓSÁTTUR** Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, gagnrýndi ummæli Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur alþingiskonu um málefni Íbúðalánasjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er einfaldlega eitthvað sem við þurftum að gera. Vegna þess að í ljósi ummæla svona áhrifaríks aðila varðandi ákvarðanatöku í málefnum Íbúðalánasjóðs þá virtist okkur leika vafi á því að það væri jafnræði milli aðila á markaði," sagði Páll um lokun fyrir viðskiptin. „Og það er grundvallarregla varðandi viðskipti í Kauphöll að það á að ríkja jafnræði meðal þeirra sem koma að þeim viðskiptum og þegar við töldum leika vafa á því í ljósi þessara ummæla þá ákváðum við að stöðva pörun viðskipta í Kauphöllinni," bætir hann við.

Í samtali við RÚV tók Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, sem eru stærstu eigendur bréfa hjá ÍLS, undir gagnrýni Páls.

Síðar um daginn ákvað ríkisstjórnin að leggja ÍLS til þrettán milljarða af fjárlögum til þess að sjóðurinn uppfylli kröfur um eiginfjárframlag. Ekkert var hins vegar ákveðið um skilmálabreytingar eða afnám ríkisábyrgðar á ÍLS.

**- þj** / sjá síðu 6

# Aðventan er gleðileg í Garðheimum

Fjölskyldufyrirtæki í 21 ár!





## Í DAG OG Á MORGUN ER 20–70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!



OPIÐ TIL KL. 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

FITON / SÍA

## GENGIÐ 27.11.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,68 | 126,28 |
| Sterlingspund | 201,38 | 202,36 |
| Evra | 162,69 | 163,61 |
| Dönsk króna | 21,813 | 21,941 |
| Norsk króna | 22,148 | 22,278 |
| Sænsk króna | 18,838 | 18,948 |
| Japanskt jen | 1,5309 | 1,5399 |
| SDR | 192,57 | 193,71 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 224,7662

Segir lyfjaverð til sjúkrahúsa hafa lækkað gríðarlega síðasta áratuginn:

# Lyfjaverð hér orðið hið lægsta

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjaverð til sjúkrahúsa hér á landi er orðið hið lægsta á Norðurlöndunum, segir Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, í viðtali í tímaritinu Straumum sem er gefið út af Capacent.

„Það hefur mikið áunnist því fyrir um tíu árum var lyfjaverð á Íslandi það hæsta á Norðurlöndunum," segir Hreggviður. Hann er forstjóri Veritas Capital hf. sem er móðurfyrirtæki nokkurra helstu þjónustufyrirtækja heilbrigðiskerfisins á Íslandi.



**HREGGVIÐUR JÓNSSON**

Hreggviður segir gífurlegar breytingar hafa orðið á lyfjamarkaðinum hér á landi frá 2004, en þá voru gerðir samningar um að verð á frumlyfjum yrði sambærilegt og á Norðurlöndunum. Einnig hafi breytingar á greiðsluþátttöku ríkisins í lyfjakostnaði haft mikil áhrif á lyfjamarkaðinn.

„Íslensk stjórnvöld hafa gengið hart fram, sérstaklega á árunum eftir hrun," segir Hreggviður. Hann segist jafnvel sjá merki þess að gengið hafi verið of langt í þessum efnum: „Við erum með dæmi þess að lyfjaframleiðendur hafi ekki áhuga á að markaðssetja ný lyf á Íslandi. Við lendum líka æ oftar í þeirri stöðu að að sannfæra framleiðendur um að halda ódýrum og sölulágum lyfjum inni á þessum örmarkaði sem íslenski markaðurinn er." - gb

Breytingar á teikniborðinu:

# Nýr pottur í Vesturbæjarlaug

**SKIPULAGSMÁL** Samþykkt hefur verið að byggður verði nýr heitur pottur í Vesturbæjarlaug.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar fer með framkvæmdina og sótti um leyfi fyrir pottinum, sem var veitt af byggingarfulltrúa fyrr í mánuðinum. Enn hafa tillögurnar ekki verið kynntar og samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum laugarinnar er enn verið að klára málið. Því liggur ekki fyrir hvenær ráðist verður í framkvæmdina. - þeb



**MÓTMÆLI Á TAHRIR** Yfir hundrað þúsund tóku þátt. NORDICPHOTOS/AFP

Tugir þúsunda mótmæla:

# Afsagnar Morsi krafist í Kaíró

**EGYPTALAND, AP** Fjölmenn mótmæli gegn Mohammed Morsi Egyptalandsforseta snerust upp í mótmæli gegn Bræðralagi múslíma, hreyfingunni sem Morsi er sprottinn úr.

Morsi hefur sagt að hann ætli sér ekki að afturkalla yfirlýsingu sína frá síðustu viku, þar sem hann tók sér nánast ótakmörkuð völd í landinu.

Mannfjöldinn krafðist þess bæði að Morsi segði af sér og að dregið yrði úr áhrifum Bræðralags múslíma á stjórn landsins.

„Við viljum ekki fá einræði aftur," hafði Reuters fréttastofan eftir einum mótmælendanna. - gb

Bílaþvottur í Hafnarfirði:

# Opnar dyr eru alvarlegt brot

**UMHVERFISMÁL** Bílaþvottastöðinni Löðri var á mánudag gefinn fjórtán daga frestur til lagfæringa á sjálfvirkri þvottastöð á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis segir vettvangsskoðun hafa leitt í ljós að ákvæði starfsleyfis um að stöðin sé ekki í notkun nema dyr séu lokaðar hafi ekki verið uppfyllt.

„Vegna nálægðar starfseminnar við íbúðarhúsnæði telur heilbrigðisnefnd að brot starfsleyfishafa sé alvarlegt," segir heilbrigðiseftirlitið. - gar

# Tollasektir yfir 50.000 fara á sakaskrár ferðafólks í 10 ár

Ef sektir ferðamanna vegna brota á tollalögum fara yfir 50 þúsund krónur eru þær skráðar á sakaskrá viðkomandi og eru þar í tíu ár. Fjármálaráðherra skoðar alvarlega að láta endurskoða hámarksfjárhæðir í lögum.

**VERSLUN** Ef ferðamaður sem kemur til landsins þarf að greiða sekt sem nemur 50 þúsund krónum eða meira fyrir að fara í gegnum græna hliðið með tollskyldan varning fer hann á sakaskrá.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkissaksóknara fara tollalagasektir inn á sakaskrá viðkomandi einstaklings, en fylgja ekki einkasakavottorðum sem fólk getur þurft að óska eftir sökum vinnu eða annarra mála. Á slík vottorð fara einungis hegningarlagabrot og ávana- eða fíkniefnalagabrot.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að leyfilegt hámarksverðmæti varnings sem má koma með inn í landið tollfrjálst hefur staðið í stað frá árinu 2008. Á sama tíma hefur krónan rýrnað um þriðjung með tilheyrandi skerðingu á leyfilegum kaupum erlendis án þess að gefa vörur upp í tolli.

Í reglugerð um sakaskrár kemur fram að þeir sem hafa aðgang að upplýsingum úr sakaskrám eru dómstólar, dómsmálaráðuneytið, umboðsmaður Alþingis, Fangelsismálastofnun og Útlendingaeftirlitið. Ríkissaksóknari gefur út sakavottorð til erlendra yfirvalda vegna rannsóknar og meðferðar opinbers máls eða vegna öflunar ríkisfangs eða ökuréttinda.

Tollalagasektir eru aðgengilegar á sakaskrám einstaklinga tíu árum eftir að brotið er framið.

Snorri Olsen tollstjóri segir það koma reglulega upp að fólk þurfi að greiða meira en 50 þúsund krónur í sekt fyrir að fara með of dýran varning í gegnum græna hliðið. Hann hefur þó enga skoðun á því hvort viðmiðunarmörkin séu of lág og segir þær ákvarðanir alfarið liggja hjá stjórnvöldum.

Engu breytir hvort ferðamaður komi í gegn um hliðið með einn dýran hlut eða marga ódýrari, útskýrir Snorri. „Hvort sem þú ert að koma í gegn með fimm Iphonesíma eða einn 500 þúsund króna pels, er það alltaf heildarupphæðin sem skiptir máli," segir hann.

sunna@frettabladid.is




**SPJALDTÖLVUKAUP ERLENDIS NÓG** Sekt vegna ótilkynntra kaupa á dýrustu gerð Ipad erlendis nægir til að koma ferðamanni á sakaskrá í tíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ráðherra skoðar málið alvarlega



Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu skoðar Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra „mjög alvarlega" hvort ástæða sé til að breyta hámarksandvirði varnings sem koma má með tollfrjálst til landsins. Upphæðirnar hafa staðið í stað síðan sumarið 2008, þrátt fyrir mikla rýrnun krónunnar og hækkun á innlendu verðlagi. Reglugerðarbreytingu þarf til að hækka verðmæti varnings sem ferðamenn mega taka með sér til landsins tollfrjálst.

## Ipad nægir til að koma fólki á sakaskrá



Láti ferðamaður fyrir farast að gefa upp kaup erlendis á dýrustu Ipad-spjaldtölvunni frá Apple í tollinum við komuna til landsins, nægir sektarfjárhæðin til að viðkomandi endi á sakaskrá.

Nýjasti Ipadinn kostar á Apple.com 829 Bandaríkjadali. Samkvæmt reiknivél tollsins er virðisaukaskattur tölvunnar þegar hún er hingað komin 26.724 krónur.

Ferðamaður sem fer með of verðmætan varning í gegnum grænt hlið þarf því að greiða tvisvar full aðflutningsgjöld plús 15 prósenta álag á sektina.

104.189 kr. (tollverð) + 26.764 kr. (aðflutningsgjöld) = 130.953 kr

26.764 x 2 = 53.528 + 15% álag = 61.557 krónur í sekt og gjöld.

MARKAÐUR
NETHYL 2 ÁRBÆ
ÓDÝR LEIKFÖNG OG GJAFAVARA
LÍMMIÐAR 100 KR
GJAFAPAPPÍR 100 KR
JÓLA OG GJAFAPOKAR 100 KR
MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ
SÍMI 869-1522
ERUM Á FACEBOOK
extrakaup

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÝNAR LÍTILLEGA** Fremur stíf suðaustanátt um landið sunnan- og vestanvert í dag en dregur úr vindi á morgun. Úrkomusamt áfram á morgun en léttir til syðra á föstudag.




**Á morgun**
5-10 m/s.




**Föstudagur**
3-8 m/s en stífara við austurströndina.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Billund | 6° | Gautaborg | 6° | London | 7° | Orlando | 23° | San Francisco | 17° |
| Basel | 12° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 16° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | 3° |
| Berlín | 7° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 21° | New York | 5° | París | 7° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** *Jón Laufdal jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Jólagjafahandbókin kemur til þín



## Hundruð hugmynda fyrir ástvini þína

Jólagjafahandbók Smáralindar er dreift í hús um land allt og auðveldar þér að finna gjafir sem gleðja þig og þá sem þér þykir vænt um.

Sjáumst, Smáralind




## Viltu vinna 100.000 kr. gjafakort í Smáralind?

Komdu í Smáralind og gerðu jólainnkaupin snemma. Heftaðu kassakvittunina þína við þátttökuseðil og taktu þátt í jólaleiknum okkar. Þú gætir unnið 100.000 kr. gjafakort í Smáralind eða fengið andvirði jólainnkaupanna endurgreitt með gjafakorti.

Skannaðu QR-kóðann eða farðu á smaralind.is og fáðu nánari upplýsingar um jólaleikinn.

Smáralind

smaralind.is Opnunartímar: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á Facebook

STAÐA ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

# Sjóðurinn stendur ekki undir sér

**Ríkistjórnin ætlar að setja 13 milljarða inn í Íbúðalánasjóð. Sjóðurinn telur sjálfur að hann þurfi 22,5 milljarða á næstu þremur árum. Sjóðurinn á yfir tvö þúsund eignir. Hluti þeirra verður settur inn í sérstakt félag sem mun tapa allt að tveimur milljörðum á ári.**



**EKKI ÓVERÐTRYGGT** Í tilkynningu ríkisstjórnarinnar kemur fram að ákvarðanir um veitingu óverðtryggðra lána verði ekki teknar fyrr en staða sjóðsins hefur verið styrkt með þeim aðgerðum sem stefnt er að að ráðast í. Guðbjartur Hannesson er velferðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rekstur Íbúðalánasjóðs (ÍLS) er ósjálfbær og miðað við áætlanir stefnir í að eigið fé sjóðsins verði uppurið í lok þessa árs. Vegna þessa ætlar ríkissjóður að leggja honum til allt að 13 milljarða króna á næsta ári, samkvæmt tilkynningu frá velferðarráðuneytinu í gær. Alls telur sjóðurinn að hann þurfi 22,5 milljarða króna á næstu þremur árum. Þá er útlánasafn hans ofmetið um 40 milljarða króna. Þetta kemur fram í skilabréfi starfshóps um stöðu ÍLS og skýrslu IFS greiningar um sama mál sem birt var opinberlega í gær.

### 56 milljarðar til ÍLS

Framlagið kemur til viðbótar við þá 33 milljarða króna sem ríkið lagði sjóðnum til í lok mars 2011. Alls mun ríkið því leggja ÍLS til 56 milljarða króna. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra sagði eftir ríkisstjórnarfund í gær að ekki þyrfti að grípa til mótvægisaðgerða vegna framlagsins. Það yrði ekki lagt fram sem beint fé, heldur færi það í gegnum efnahagsreikning. Einu áhrifin á fjárlög næsta árs yrðu að skuldir hækkuðu og vaxtakostnaður myndi aukast. Nýr starfshópur hefur einnig verið skipaður sem á að fara yfir framtíðarhorfur og -hlutverk sjóðsins. Hann á að skila af sér í febrúar á næsta ári.

Ljóst hefur verið í lengri tíma að ÍLS glímdi við mikinn rekstrarvanda. Hann felst meðal annars í því að útlán sem hann veitir eru uppgreiðanleg en skuldabréf sem hann gefur út hafa ekki verið það síðan að kerfinu var breytt árið 2004. Það þýðir að þegar viðskiptavinir ÍLS greiða upp lán sín, meðal annars til að flytja sig til annarra lánveitenda, þá fær sjóðurinn reiðufé en tapar þeim vaxtatekjum sem hann áður hafði af láninu. Á sama tíma þarf hann að greiða áfram vexti vegna skulda sem sjóðurinn stofnaði til til að geta veitt útlánin. Vaxtamunur er orðinn tæplega 0,3 prósent, sem er ekki nægjanlegur og þar af leiðandi er rekstur sjóðsins ósjálfbær. Með öðrum skilar rekstur hans tapi miðað við þessar forsendur.

### Helmingur lána greiddur upp

Starfshópur sem skipaður var í september, og átti að greina stöðu og horfur ÍLS, skilaði skilabréfi sínu síðastliðinn föstudag. Þar segir að „miðað við núverandi markaðsaðstæður og ef gert er ráð fyrir að útlán sjóðsins að fjárhæð 200 ma.kr. verði greidd upp mun það kosta sjóðinn um fjóra ma.kr. í tapaðar vaxtatekjur á hverju ári, á meðan ekki er hægt að endurlána uppgreiðsluna á svipuðum kjörum. Á árunum 2004-2006 jukust uppgreiðslur hjá sjóðnum verulega og námu 240 ma.kr. eða um helmingi af öllu útlánum hans á þeim tíma. Á árinu 2012 stefnir í að uppgreiðslur verði meiri en ný útlán sjóðsins“.

### Yfir skuldsettar eignir

Til viðbótar eru um 15 prósent af eignasafni sjóðsins í vanskilum, eða um 125 milljarðar króna. Við skoðun á útlánum sjóðsins komst starfshópurinn að því að um 300 milljarðar króna af útlánum hans hvíldu á fasteignum þar sem virði lána var yfir 110 prósent af fasteignamati og yfir 70 milljarðar á fasteignum þar sem virði lána var á milli 100 til 110 prósent af fasteignamati. Á afskriftarreikningi ÍLS um mitt þetta ár voru um 20 milljarðar króna til að mæta mögulegu útlánatapi. Í skilabréfinu segir að IFS greining, sem gerði skýrslu um áhættu og eiginfjárþörf sem starfshópurinn studdist við, telji útlánasafn sjóðsins mögulega ofmetið um 40 milljarða króna. Því þurfi að auka framlag á afskriftarreikning um 20 milljarða króna.

thordur@frettabladid.is

## Eignir settar inn í sérstakt félag

ÍLS hefur tekið yfir fleiri en tvö þúsund fasteignir og gert er ráð fyrir að þeim fjölgi um allt að 1.500 á næstu árum. Einungis um 20 prósent þeirra eru á stórhöfuðborgarsvæðinu sem dregur verulega úr endursölumöguleikum þeirra. Til að bregðast við þessu vandamáli hefur ríkisstjórnin ákveðin að færa þessar eignir í sérstakt félag í eigu ríkisins. Í skilabréfinu segir að „gera má ráð fyrir að næstu ár gæti halli á rekstri slíks félags numið 1-2 ma.kr. á ári“. Jafnframt verður hluti eignanna fluttur í sérstakt félag sem á að annast rekstur leiguíbúða.

**22,5 MILLJARÐAR** er það sem ÍLS telur sig þurfa að fá á næstu þremur árum.

**13 MILLJARÐAR** er það sem ríkið leggur sjóðnum til á næsta ári.

**56 MILLJARÐAR** er ríkisframlag til ÍLS eftir hrun.

**40 MILLJARÐAR** er ofmat eigna Íbúðalánasjóðs.

**2.000** er fjöldi þeirra fasteigna sem sjóðurinn hefur tekið yfir.

**1.500** er fjöldi þeirra fasteigna sem talið er að bætist við eignasafn hans á næstunni.

**45%** er hlutfall lána ÍLS sem eru á yfirveðsettum eignum.

**4 ár** eru síðan ÍLS uppfyllti lögbundið eiginfjárframlag sitt.

**0** er eigið fé ÍLS í lok þessa árs miðað við áætlanir.





Afborgun á mánuði aðeins:
25.910 kr.*

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans. Reiknaðu dæmið á landsbankinn.is

Chevrolet Lacetti Station

| | |
|---|---|
| Söluverð: | 1.800.000 kr. |
| Bílafjármögnun: | 1.350.000 kr. |
| Okkar hlutur: | 210.000 kr. |
| Þín útborgun: | 240.000 kr. |
| **Heildarverð til þín:** | **1.590.000 kr.** |
| **Afborgun:** | **25.910 kr.** |

*Hlutfallskostnaður 11.92%

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna – Sérfræðingar í bílum

Það getur verið stormasamt yfir háveturinn. Erfið færð og frost í bland við stjörnubjartan himininn verða mun skemmtilegri ef fararskjóti fjölskyldunnar er áreiðanlegur. Vertu tilbúin/n að njóta vetrarins. Skoðaðu sparneytna bíla. Prófaðu sídrifna bíla. Mátaðu rúmgóða bíla. Við eigum áreiðanlega eitthvað fyrir þig. Komdu við í Brimborg og gerðu góð kaup á notuðum bíl. Mættu vetrinum á notuðum bíl frá Brimborg.

**gott úrval**

## Gerðu góð bílakaup í dag!

# Tryggðu þér traustan bíl í vetur

**Settu gamla bílinn uppí notaðan bíl frá Brimborg. Tökum allar tegundir bíla uppí.**

**betri kaup**

**Ford Expedition Limited 4x4** (UE826)
5,4i V8 300 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 109.000 km.
Verð: 3.090.000 kr.




**240.000 kr. vetrarafsláttur** **2.850.000 kr.**

**Ford Focus Trend** (THS03)
1,6TDCi 90 hö dísil beinskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 2.330.000 kr




**200.000 kr. vetrarafsláttur** **2.130.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend** (VXM01)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 39.000 km.
Verð: 3.630.000 kr.




**240.000 kr. vetrarafslátur** **3.390.000 kr.**

**Ford Focus Trend** (GXT39)
1,6i 100 hö bensín beinskiptur
Skrd. 2/2008. Ek. 62.000 km.
Verð: 1.690.000 kr.




**spyrðu um kjörin** **1.690.000 kr.**

**Ford Escape Limited AWD** (LDB02)
2,5i 170 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 48.000 km.
Verð: 4.880.000 kr




**390.000 kr. vetrarafsláttur** **4.490.000 kr.**

**Ford Fiesta Trend** (FBY21)
1,4i 96 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 55.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.




**spyrðu um kjörin** **1.990.000 kr.**

**Ford Focus Titanium** (PBB74)
1,6TDCi 115 hö dísil beinskiptur
Skrd. 5/2012. Ek. 30.000 km.
Verð: 3.330.000 kr.




**spyrðu um kjörin** **3.330.000 kr.**

**Ford Explorer XLT Sport 4x4** (VZE76)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 8/2006. Ek. 105.000 km.
Verð áður: 2.590.000 kr.




**600.000 kr. vetrarafsláttur** **1.990.000 kr.**

**Citroën C1 SX** (RUY83)
1,0VVTi 68 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 39.000 km.
Verð: 1.490.000 kr.




**140.000 kr. vetrarafsláttur** **1.350.000 kr.**

**Ford Kuga Trend AWD** (JAT61)
2,0TDCi 140 hö dísil beinskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 49.000 km.
Verð: 4.020.000 kr.




**230.000 kr. vetrarafsláttur** **3.790.000 kr.**

**Citroën C3 SX**(EZE75)
1,6HDi 92 hö dísil beinskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 50.000 km.
Verð: 2.080.000 kr.




**190.000 kr. vetrarafsláttur** **1.890.000 kr.**

**Ford Explorer XLT 4x4** (FTU17)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2006. Ek. 91.000 km.
Verð áður: 2.690.000 kr.




**500.000 kr. vetrarafsláttur** **2.190.000 kr.**

**Ford Fiesta Trend** (EDS98)
1,25i 60 hö bensín beinskiptur
Skrd. 7/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 1.570.000 kr.




**120.000 kr. vetrarafsláttur** **1.450.000 kr.**

**Citroen C4 SX Comfort** (ZDU07)
1,6i 110 hö bensín beinskiptur
Skrd. 4/2008. Ek. 75.000 km.
Verð áður: 1.450.000 kr.




**260.000 kr. vetrarafsláttur** **1.190.000 kr.**

**Mazda 3 Premium** (RMM62)
2,0i 150 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 04/2012. Ek. 22.000 km.
Verð: 3.420.000 kr




**spyrðu um kjörin** **3.420.000 kr.**

**Citroën C5 Dynamique Station** (RLJ68)
2,0 HDi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 7/2010. Ek. 44.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.




**300.000 kr. vetrarafsláttur** **3.690.000 kr.**

## Opið í dag

Komdu og skoðaðu notaða vetrarbíla
milli kl. 9 og 17 í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8
í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri

**Spyrðu um lánamöguleika og skipti. Komdu í kaffi.**

Smelltu á
**notadir.brimborg.is**
og skoðaðu fleiri dæmi

**brimborg**

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is




## Braut gegn 14 börnum árið 1956

**3** Þrjú mál snúa að Steingrími Njálssyni, vegna sex þolenda, sem voru í öllum tilvikum drengir.

**18 DÓMAR** féllu þannig að gerandi var sakfelldur.

**22 DÓMAR** hafa fallið í Hæstarétti þar sem ákæran felur í sér kynferðisbrot gegn dreng.

**6** Í sex dómum af 22 var um einn dreng að ræða sem brotið hafði verið á.

**1956** Flest voru þó börnin í dómi frá árinu 1956 þar sem gerandinn, Snorri Jónsson kaupmaður, misnotaði 13 drengi og eina stúlku. Hann var látinn sæta gæsluvarðhaldi og geðrannsókn, en í dómnum kemur fram að hann væri hvorki „fáviti né geðveikur en geðveill með ótraustar hömlur og jafnvel homosexuel tilhneigingar“.

**60** þolendur voru í málunum, þar af átta stúlkur. Í þeim málum brutu ofbeldismennirnir bæði gegn drengjum og stúlkum. Aðeins var sakfellt í 44 málanna og í öllum tilvikum voru drengir þolendur.

# Helmingurinn látinn sæta geðrannsókn

Helmingur gerenda sem dæmdir hafa verið í Hæstarétti fyrir kynferðisbrot gegn dreng þurfti að sæta geðrannsókn. 16 gerendur hafa verið dæmdir sekir í slíkum málum í Hæstarétti frá stofnun hans til loka apríl 2012. Allir gerendur eru karlar.

**DÓMSMÁL** Alls hafa 22 dómar fallið í Hæstarétti frá stofnun hans árið 1920 til 23. apríl 2012 þar sem ákært var fyrir kynferðisbrot gegn dreng. Sakfellt var í miklum meirihluta málanna, eða 18 af 22, og voru brotaþolar samtals 44. Gerandi var látinn sæta geðrannsókn í átta dómum.



SVALA ÍSFELD ÓLAFSDÓTTIR

Í málunum eru alls 16 gerendur, allt karlmenn. Þar af er Steingrímur Njálsson gerandi í þremur. Einungis tveir þeirra sögðust sjálfir hafa verið þolendur kynferðisofbeldis í æsku.

„Í dómi frá 1994 kemur fram að ákærði hafi verið fórnarlamb Steingríms Njálssonar er hann var 14 ára og í öðru máli frá 2001 upplýsir gerandi í viðtali við geðlækni að hann hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu unglingspilts þegar hann var barn að aldri,“ segir í niðurstöðum viðamikillar rannsóknar Svölu Ísfeld Ólafsdóttur, dósents við lagadeild Háskólans í Reykjavík, á öllum dómum Hæstaréttar á fyrrgreindu tímabili.

Samkvæmt skoðun á dómunum virðast drengir vera líklegri til að vera misnotaðir kynferðislega af ókunnugum, en þolandi þekkti ekki ofbeldismanninn í meira en helmingi tilvika. Í rúmlega 40 prósentum tilvika var um endurtekið brot að ræða.

Flest brotin áttu sér stað á heimili ofbeldismannsins, á vinnustað hans eða í bifreið á hans vegum.

sunna@frettabladid.is




**SEXTÁN SAKFELLDIR Í HÆSTARÉTTI** Alls hafa sextán karlmenn verið sakfelldir í Hæstarétti frá stofnun réttarins árið 1920 fyrir kynferðisbrot gegn drengjum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

### ➜ Yngsti þolandi þriggja ára

Yngsti þolandi í málunum var þriggja ára og sá elsti 17 ára. Flestir drengirnir eru á aldrinum 11 til 15 ára, eða átján brotaþolar af 44, þegar brot átti sér stað. Meðalaldur þolenda í dómunum er tólf ár.

Allir gerendur voru karlmenn og meðalaldur þeirra 40 ár. Yngsti gerandinn var sextán ára og sá elsti sjötugur. Algengasta aldursbil milli geranda og þolanda var rúmlega 30 ár.

### ➜ Reyna að gera þolendur „samseka“

Umbun af einhverju tagi frá ofbeldismönnum til þolenda virðist einkenna kynferðisbrot gegn drengjum. Algengast er að gerendur í slíkum málum reyni að múta drengjum með peningum eða sælgæti.

**25 MÁL** Af **44** einkennast af því að reynt var að kaupa þögn þolanda með gjöfum af einhverju tagi.

Svala bendir á að í ljósi þess að gerendur séu oftast ókunnugir drengjunum njóti þeir þar með ekki trausts þeirra og sé þetta leið til að tryggja sér þagmælsku þeirra. Gjafirnar séu þannig liður í misnotkuninni og til þess fallnar að auka mjög á sektarkennd drengjanna og skömm. Þeir telji sig þar með á vissan hátt orðna „samseka“.




Velferðarráðuneytið þarf að móta stefnu um dvalarrými aldraða:

# Rýmum fækkað um helming

**SAMFÉLAGSMÁL** Dvalarrýmum fyrir aldraða hefur fækkað um helming á síðustu sex árum, eða um 402 rými frá 2006 til 2011.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstur og starfsemi dvalarheimila aldraðra á þessum árum.

Öldruðum hefur fjölgað um tíu prósent frá árinu 2006. Fækkun rýma á dvalarheimilum er í samræmi við markmið stjórnvalda um að aldraðir geti eins lengi og unnt er búið við eðlilegt heimilislíf. Lögð hefur verið áhersla á að fjölga hjúkrunarrýmum í staðinn.

Á árunum sem Ríkisendurskoðun skoðaði hefur eftirspurn eftir dvalarrýmum dregist saman, sem talið er benda til þess að stefna stjórnvalda hafi gengið eftir.

Þótt biðlistar eftir þessum rýmum hafi styst eru þeir þó enn fyrir hendi.

Ríkisendurskoðun vill af þessum sökum að velferðarráðuneytið móti skýra stefnu um framtíð dvalarheimila og hvort þeim verði fækkað enn meir.

- þeb



**DVALARHEIMILI** Biðlistar hafa styst undanfarin ár en þeir eru enn til staðar. Móta þarf framtíðarstefnu um dvalarheimili, segir Ríkisendurskoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ➜ Auðveldara fyrir karla að fá inni

Meðal þess sem úttekt Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós var að körlum gengur betur að fá úthlutað dvalarrými en konum. Félagslegar aðstæður hafa einhver áhrif á þetta, að mati stofnunarinnar. Konur eru í meirihluta íbúa á dvalarheimilum og í meirihluta þeirra sem bíða.



# 4x4 dagar

notadir.is




**Ford Explorer Limited 4x4**
Árg. 2006, ekinn 136 þús. km, bensín, sjálfsk.
Verð 2.990.000 kr.
▶ **Tilboð 1.690.000 kr.**




**Jeep Grand Cherokee**
Árg. 2005, ekinn 117 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 2.490.000 kr.**
▶ **Tilboð 1.790.000 kr.**




**Ford Escape Limited**
Árg. 2007, ekinn 128 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 1.990.000 kr.**
▶ **Tilboð 1.490.000 kr.**




**MMC Outlander Comfort**
Árg. 2006, ekinn 137 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 1.650.000 kr.**
▶ **Tilboð 1.390.000 kr.**




**Volvo XC90 V8**
Árg. 2005, ekinn 147 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 3.290.000 kr.**
▶ **Tilboð 2.690.000 kr.**




**Mercedes-Benz ML 350**
Árg. 2003, ekinn 178 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 1.990.000 kr.**
▶ **Tilboð 1.190.000 kr.**




**Subaru Forester**
Árg. 2010, ekinn 97 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 3.690.000 kr.**
▶ **Tilboð 3.390.000 kr.**




**Nissan X-Trail**
Árg. 2008, ekinn 109 þús. km, dísil, sjálfsk.
**Verð 3.390.000 kr.**
▶ **Tilboð 2.890.000 kr.**




**Nissan Qashqai 2 SE**
Árg. 2011, ekinn 59 þús. km, bensín, sjálfsk.
▶ **Verð 4.390.000 kr.**




**MMC Pajero**
Árg. 2004, ekinn 147 þús. km, dísil, sjálfsk.
**Verð 2.790.000 kr.**
▶ **Tilboð 2.190.000 kr.**




**Kia Sportage EX**
Árg. 2012, ekinn 1 þús. km, dísil, sjálfsk.
▶ **Verð 5.590.000 kr.**




**Kia Sorento LX**
Árg. 2010, ekinn 49 þús. km, dísil, 5 gírar.
▶ **Verð 4.590.000 kr.**




**Kia Sorento EX Luxury 2,2**
Árg. 2012, 197 hö., ekinn 20 þús. km, dísil, sjálfsk.
▶ **Verð 6.990.000 kr.**

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16




# HEIMURINN




## Fleiri Tíbetar kveiktu í sér

**1** Fjórir Tíbetar til viðbótar kveiktu í sér og að minnsta kosti 20 særðust í átökum við lögreglu í tengslum við mótmæli gegn yfirráðum Kínverja í Tíbet. Mótmælin snerust í þetta skipti um bækling, sem kínversk stjórnvöld hafa gefið út, þar sem gert er lítið úr tungumáli Tíbeta. Allt að þúsund námsmenn tóku þátt í þessum mótmælum, sem haldin voru í Qinghai-héraði. Alls hafa meira en 80 Tíbetar kveikt í sjálfum sér síðan 2009 til að mótmæla ofríki kínverskra stjórnvalda.

## Grikkir anda léttar

**2** Fjármálaráðherrar Evrópusambandsins hafa, ásamt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Seðlabanka ESB, samþykkt útgreiðslu frekari neyðaraðstoðar til Grikklands. Þeir hafa dregið þessa ákvörðun vikum saman, en segjast líta svo á að Grikkir hafi nú uppfyllt þau skilyrði um aðhald og niðurskurð í ríkisrekstri, sem sett voru fyrir frekari fjárhagsaðstoð. Grikkir fá nú 44 milljarða evra, eða ríflega 7.000 milljarða króna, sem hjálpar þeim til að greiða næstu afborganir af lánum ríkisins.

## Sýni tekin úr líki Arafats

**3** Gröf Jassers Arafats, leiðtoga Palestínumanna, var opnuð snemma í gærmorgun og sýni tekin úr líki hans. Rannsóknir verða gerðar á sýnunum til að komast að því hvort hann hafi látist af völdum eitrunar, eins og ættingjar hans hafa haldið fram. Geislavirka efnið pólon-210 hefur fundist í fötum hans og tannbursta. Gröf Arafats er í bænum Ramallah á Vesturbakka Jórdanár, þar sem höfuðstöðvar hans voru. Hann lést á sjúkrahúsi í Frakklandi árið 2004.

## Vonbrigði á loftslagsfundi



**4** Fulltrúar fátækari ríkja á tveggja vikna lofslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem hófst í Doha, höfuðborg Katar á mánudag, hafa lýst vonbrigðum sínum með athafnaleysi auðugri ríkja jarðar. Ekki er sjáanlegt að samkomlag takist um aðgerðir, sem tryggi að loftslag jarðar hitni ekki meira en tvær gráður næstu áratugina. Kyoto-bókunin svonefnda rennur út um næstu áramót, en eitt af því sem deilt er um er hvernig fjármagna eigi þátttöku fátækari ríkja í aðgerðum til að draga úr losun gróðuhúsalofttegunda.

## Norðmenn banna rjúpnaveiðar

**5** Í ljósi síversnandi ástands norska rjúpnastofnsins hafa margir landeigendur tekið upp á því að banna veiðar á sinni landareign. Það er þó ekki til þess fallið að bjarga stofninum, segir rjúpnasérfræðingur í samtali við Aftenposten. Jo Inge Breisjöberget, hjá skógrækt norska ríkisins, segir staðbundnar friðanir ekki hafa skilað neinu þar sem rjúpur séu víðförlar og eigi rétt eins á hættu að vera skotnar á landi nágrannans. Svarið liggi frekar í því að friða mun stærri landsvæði, setja veiðikvóta eða takmarka ásókn veiðimanna.




www.volkswagen.is


Volkswagen Passat EcoFuel, bíll ársins 2012



Kristín Kjartansdóttir og Þorgrímur Benjamínsson

Volkswagen Passat eigendur eru ánægðir með metanið

Eigendur Passat EcoFuel taka þátt í því að minnka losun koltvísýrings í andrúmsloftið, spara dýrmætann gjaldeyri með því að nota íslenskan orkugjafa og lækka eldsneytiskostnaðinn um nær helming.

Passat TSI EcoFuel kostar frá

3.990.000 kr.

Das Auto.

Meðaleyðsla 6,8 l /100 km bensín, 6,6 m³ 4,3 kg/100 km metan m.v. blandaðan akstur.

49.426 kr. á mánuði — mv. Volkswagen Passat TSI Eco Fuel og óverðtryggðan bílasamning með gullvildarkjörum frá Ergo til 84 mánaða og 25% útborgun. Hlutfallstala kostnaðar 10,30%.

ergo

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

Wii U í búðir á föstudag:

# Áhersla lögð á gagnvirknina

**UPPLÝSINGATÆKNI** Hér á landi hefst sala á nýjustu kynslóð Nintendo leikjatölvanna, Wii U, næstkomandi föstudag. Á föstudag hefst einnig sala á tölvunni í öðrum Evrópulöndum.



Blásið hefur verið til sérstakrar kynningar á tölvunni í verslun Bræðranna Ormsson klukkan tíu árdegis. „Hægt er að nota Nintendo Wii U sem handtölvu eða tengja hana við sjónvarp. Fjarstýringin er í raun framlenging á leikjatölvunni sjálfri. Þannig er viðmótið blásið upp og áhersla lögð á gagnvirka eiginleika tölvuleikjanna,“ segir í tilkynningu. **- óká**

Sendinefnd frá Alaska hér:

# Norðurslóðir í brennidepli

**STJÓRNMÁL** Þrjátíu manna sendinefnd frá Alaska er nú stödd hér á landi til að kynna sér orkumál, málefni norðurslóða, efnahagsmál og viðskipti.

Heimsókn sendinefndarinnar er skipulögð af Institute of the North í samstarfi við utanríkisráðuneytið og forseta Íslands. Hún er liður í að styrkja tengsl á norðurslóðum.

Sendinefndin er skipuð stjórnmálamönnum og fulltrúum fyrirtækja og háskólastofnana. Hópurinn heimsækir ráðuneyti, fyrirtæki og stofnanir í fimm daga heimsókn. **- þeb**

SAF vonast enn til breytinga:

# Boltinn er hjá efnahags- og viðskiptanefnd

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) lýsa vonbrigðum með að fjármálaráðherra skuli hafa lagt fram tillögu um að hækka virðisaukaskatt á gistingu úr sjö prósentum í 14.

Bent er á í tilkynningu að SAF hafi lagt fram tillögur sem skila ættu ríkissjóði meiri tekjum „án þess að hætta trúverðugleika og markaðsstarfi ferðaþjónustunnar“. Átalið er að ekkert samráð hafi verið haft við greinina.

„Nú er boltinn hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og verður ferðaþjónustan að treysta því að þar verði þessi tillaga fjármálaráðherra endurskoðuð,“ segir í tilkynningu SAF. **- óká**


30 ára afmælishátíð
Jólahátíð fatlaðra

Miðvikudaginn 12. des. verður jólahátíð fatlaðra haldin í 30. sinn á Hilton Reykjavik Nordica
Húsið opnar kl: 19.00 Skemmtun stendur frá kl: 20:00 - 22.30

Að venju verða glæsileg tónlistaratriði

Hljómsveitin Mjallhvít
Jóhannes Guðjónsson Píanósnillingur
Sveppi og Steindi
Eyþór Ingi
Solla Stirða og Íþróttaálfurinn
Ingó veðurguð
Laddi
Heiða Ólafsdóttir
Hermann Gunnarsson
Bríett Sunna
Bjarni Þór og Kristín Heiða
Klaufar
Land og synir. Hreimur
Jósep Elvis
Systurnar: Anna Kolbrún
og Andrea Bachmann
Ragnar Bjarnason og
Þorgeir Ástvaldsson
Magdalena Dubik og
Védís Vantída Guðmundsdóttir
André Bachmann

Skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts undir stjórn
Edward J. Frederiksen leikur í anddyri frá kl. 19:15

Kynnir kvöldsins er Sigmundur Ernir Rúnarsson alþingismaður
Heiðursgestur: Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson

Aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki
Frítt inn - Þökkum veittan stuðning

GRÆNN MARKAÐUR · PRINCE POLO · Coca-Cola · NÓI SÍRÍUS · HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS · Hilton Reykjavik Nordica · VOX RESTAURANT





Gjöf á heimsmælikvarða
Hvað kemur þú mörgum stórborgum undir tréð í ár?
WOW gjafakortið er einstök jólagjöf og gildir sem flugmiði fram og til baka með möguleika á tengiflugi um allan heim.
Þú færð WOW gjafakortið á wow.is.
Verð frá
22.900 kr.
Flug fram og til baka ásamt sköttum og gjöldum
Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | www.wow.is | wow@wow.is
WOW air

# SKOÐUN

## Lausn á gjaldeyrishaftavanda er þverpólitískt mál:

# Snjóhengjur

Um fátt er meira rætt á Íslandi í dag en snjóhengjur. Ekki þær sem dembast yfir byggðarlög í fjallshlíðum heldur peningalega hengju sem margir telja að geti valdið efnahagslegu snjóflóði.

Snjóhengjan er í stuttu máli íslenskar krónur í eigu erlendra aðila sem eru fastar inni í íslensku hagkerfi. Eigendur þeirra skiptast í tvo hópa: jöklabréfaeigendur, sem eiga um 400 milljarða króna, og kröfuhafa íslenskra fyrirtækja, að langstærstu leyti fallinna banka, sem eiga á bilinu 600 til 800 milljarða króna. Eigendur þessara fjármuna vilja fyrir alla mun skipta þeim yfir í nothæfa gjaldmiðla og komast burt héðan. Auk þess eiga innlendir aðilar, aðrir en bankar, um 1.500 milljarða króna í ýmiss konar innlánum. Hluti þess fjármagns myndi ugglaust leita annað ef hann gæti það.



**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is

Til að stöðva útflæði þessara eigna voru sett hér gjaldeyrishöft. Þau hindra að þessum íslensku krónum verði skipt í erlendan gjaldeyri. Allur gjaldeyrisforði landsins er enda tekinn að láni og dugar vart til að endurgreiða þær erlendu skuldir sem ríkið, sveitarfélög og fjölmörg íslensk fyrirtæki eru með á gjalddaga næstu misserin, hvað þá til að borga út erlendu krónueigendurna.

Þessi staða hefur legið fyrir frá því á haustmánuðum 2008. Þann 12. mars síðastliðinn var hún síðan staðfest enn frekar þegar Seðlabankinn beitti sér fyrir því að Alþingi þrengdi höftin þannig að ekki var lengur leyfilegt að greiða út úr þrotabúum föllnu bankanna nema með hans leyfi. Breytingin var keyrð í gegn eftir lokun markaða, og áður en þeir opnuðu daginn eftir, vegna þess að raunverulegur ótti var við að yfirvofandi útgreiðslur úr þrotabúi Glitnis myndu ógna íslenskum fjármálastöðugleika.

Upphaflega stóð til að láta breytinguna ná yfir allar eignir þrotabúanna en síðbúin breytingartillaga undanskildi þær erlendu. Fulltrúar kröfuhafa hér á Íslandi höfðu þar mikil áhrif á. Þeir fengu að tala sínu máli víðar innan íslenska stjórnkerfisins en þeir hafa fengið í öðrum ríkjum sem við berum okkur saman við. Þingheimur virtist hins vegar ekki átta sig á alvarleika málsins. Það endurspeglast ágætlega í þeirri staðreynd að allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem greiddu atkvæði um breytinguna sögðu nei við henni.

Á allra síðustu vikum er hins vegar eins og ljós hafi kviknað í höfði fjölmargra, þar á meðal þingmanna. Þeir hafa áttað sig á því að útgreiðslur úr þrotabúum banka, sem saman eru á meðal stærstu gjaldþrota heimssögunnar, gætu ógnað fjármálastöðugleika þjóðarinnar. Þeir keppast við að leggja fram nýjar tillögur og krefjast þess að umsjón málsins verði færð frá Seðlabankanum til Alþingis.

Sumir vilja einfaldlega ekki borga neitt út úr þrotabúum bankanna. Aðrir vilja borga allar kröfur út í íslenskum krónum, sem gerir ekkert annað en að fjölga þeim innan gjaldeyrishaftanna. Ein hugmyndin, sem hópur áhrifamanna berst leynt fyrir, er að nota eignir kröfuhafa til að endurfjármagna Ísland.

Hvaða leið sem farin verður er ljóst að um hana verður að ríkja þverpólitísk sátt. Til að hún öðlist þann trúverðugleika sem þarf munu allir þingmenn þurfa að fylkja sér á bak við hana. Það á ekki að ríkja hugmyndafræðilegur ágreiningur um lausn á stærsta efnahagslega vandamáli þjóðarinnar. Um það verður að myndast sátt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vikan margfræga

Gamla tuggan um hina afstæðu lengd vikunnar þegar pólitík er annars vegar á ágætlega við um stöðu Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, þingkonu Samfylkingarinnar. Einungis rétt rúmri viku eftir frækilega frammistöðu í forvali flokksins, þar sem hún tryggði sér annað leiðtogasætið í Reykjavík og neitaði að útiloka formannsframboð, lét hún falla afdrifarík ummæli um Íbúðalánasjóð, sem urðu þess valdandi að Kauphöllin stöðvaði viðskipti með skuldabréf ÍLS. Slíkt havarí er varla til þess fallið að styrkja stöðu Sigríðar, nema síður sé.



### Flugferðalög og vinnuskutlið

Borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson er talsmaður þess að Reykjavíkurflugvöllur víki fyrir íbúabyggð í Vatnsmýri. Á bloggi sínu dregur Gísli upp ákveðinn tvískinnung í rökum þeirra sem vilja hafa völlinn áfram: „Hvernig gengur það upp að þeir sem vilja flugvöll í Vatnsmýri telja í lagi að þúsundir Reykvíkinga keyri í 30-40 mínútur á dag til og frá vinnu, en finnist of mikið að farþegar í innanlandsflugi keyri í 30-40 mínútur [frá Keflavík] í þetta eina skipti á ári sem þeir fara í innanlandsflug?“



### Skilyrt afsökunarbeiðni

Kvikmyndaskólinn birti einkennilega auglýsingu á Facebook sem einhverjum þótti klámfengin. Hilmar Oddsson rektor sá ástæðu til að bregðast við, með þessum orðum: „Ég vil mjög gjarnan biðjast afsökunar á þessu fyrir hönd skólans, hafi auglýsingin sært einhvern.“ Þetta er leiðindastef; skilyrt afsökunarbeiðni. Annaðhvort telur Hilmar að gerð hafi verið mistök sem vert er að biðjast afsökunar á eða ekki. Aðrir mættu hafa það í huga líka.

**thorgils@frettabladid.is**

**stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Feneyjanefnd og sjálfsvirðing

**NÝ STJÓRNARSKRÁ**



**Ágúst Þór Árnason**

formaður lagadeildar Háskólans á Akureyri

Eftir fall Berlínarmúrsins ákváðu 18 ríki Evrópuráðsins að koma á fót sérstakri nefnd sem í daglegu tali er nefnd Feneyjanefndin (opinbert heiti „The European Commission for Democracy through Law“). Fram til þessa hefur meginstarfi nefndarinnar falist í því að aðstoða fyrrum kommúnistaríki við endurreisn sína þótt önnur ríki hafi leitað eftir áliti um afmarkaðri atriði.

Nú hefur eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis ákveðið að leita eftir áliti Feneyjanefndarinnar á frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár. Í bréfi formanns, Valgerðar Bjarnadóttur, er óskað álits á þeim ákvæðum frumvarpsins sem lúta að stöðu, verkan og gagnvirkum samskiptum Alþingis, ríkisstjórnar og forseta og auknum möguleikum á þjóðaratkvæðagreiðslum. Að auki er farið fram á að nefndin greini ráðgert kosningafyrirkomulag og áhrif þess á fulltrúalýðræðið. Að undanförnu hefur ítrekað verið kallað eftir skipulegu mati og greiningu á þeim atriðum sem Feneyjanefndin er nú beðin um álit á. Þegar stjórnlagaráð lauk vinnu sinni var rætt um nauðsyn „álagsprófana“ áður en málið kæmi til kasta þingsins. Og nú síðast benti svokölluð lögtækninefnd á að ekki hefði farið fram heildstætt og skipulagt mat á áhrifum stjórnarskrártillagnanna í heild, en slíkt mat kallaði „á þverfaglega vinnu sem hópnum var ekki falin“.

**➜ Sú spurning hlýtur að vakna hvort litið sé svo á af hálfu Alþingis að ekki séu fyrir hendi nauðsynlegar forsendur til að takast á við þetta verkefni innanlands.**

Það vekur athygli að þegar Alþingi ákveður loksins að standa fyrir efnislegri úttekt á hugsanlegri framtíðarstjórnarskrá lýðveldisins skuli vera ákveðið að leita til erlendrar sérfræðinganefndar. Sú spurning hlýtur að vakna hvort litið sé svo á af hálfu Alþingis að ekki séu fyrir hendi nauðsynlegar forsendur til að takast á hendur þetta verkefni innanlands. Ef sú er raunin hlýtur það að vera umhugsunarefni fyrir íslenskt háskóla- og fræðasamfélag og raunar Íslendinga sem sjálfstæða þjóð.

Þrátt fyrir þann skamma tíma sem er til stefnu hlýtur það enn að teljast eðlileg krafa að Alþingi láti gera þverfaglega úttekt á því frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár sem nú hefur þegar verið afgreitt frá fyrstu umræðu í nánast algerri þögn fjölmiðla. Slík vinna væri ekki aðeins æskileg með hliðsjón af sjálfsvirðingu Íslendinga heldur myndi einnig stuðla að því að gera aðkomu Feneyjanefndarinnar markvissari og gagnlegri fyrir framhald málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Illvirki inni í Þórsmörk

NÁTTÚRU-VERND



Árni Alfreðsson
líffræðingur

Í apríl 2004 skrifaði ég grein í Moggann sem bar heitið „Hraðbraut inn á Þórsmörk“. Þar var því haldið fram að það væri ekki aðeins náttúrufegurð sem gerði Þórsmerkurferð eftirminnilega. Það væri ekki síður ferðalagið sjálft, yfir óbrúaðar ár og læki, sem gerði þetta minnisstætt. Orðrétt sagði: „Fram að þessu hefur ferðalagið sjálft þarna innúr eftir hlykkjóttum malarvegi og yfir mismikil vatnsföll þótt ómissandi þáttur í því sem kallað hefur verið Þórsmerkur- eða bara Merkurferð.“

Ástæða greinaskrifanna var að skömmu áður hafði verið hafist handa við gerð uppbyggðs heilsársvegar inn á Þórsmörk með tilheyrandi brúar- og ræsagerð. Tilgangurinn var að byggja hraðbraut inn á Þórsmörk til að gera öllum farartækjum kleift að komast þarna inn úr á sem skemmstum tíma fyrir sem minnstan pening.

„Hverjum er svo mikið í mun að eyðileggja það ævintýri sem Merkurferð hefur hingað til þótt?“ sagði enn fremur.

### Fátt um heiðarleg svör

Þar sem ljóst var að það voru aðilar í ferðaþjónustu sem þrýstu á þessar framkvæmdir beindi ég spjótum að ferðaþjónustuaðilum á svæðinu, Ferðafélagi Íslands (FÍ), Útivist og Kynnisferðum, sem höfðu á þeim tíma svokallað „húsbóndavald“ á svæðinu. Vildi vita afstöðu þeirra og aðkomu að málinu. Fátt varð um heiðarleg svör.

Vegagerðin upplýsti reyndar síðar að umræddir aðilar hefðu gert kröfu um „vegabætur“ eða „bætt aðgengi“ og aldrei gert athugasemdir eftir að framkvæmdir hófust og búið var að fullgera fyrstu fimm kílómetrana frá gömlu Markarfljótsbrúnni. Það er því deginum ljósara að þessi veglagning var gerð að frumkvæði, kröfu og með fullum stuðningi ferðafélaganna beggja og Kynnisferða.

Greinin vakti mikla athygli og almenna reiði og endaði með að framkvæmdum var hætt. Í einfeldni minni hélt ég að það hefði orðið almenn sátt um að láta veginn inn á Þórsmörk halda sér óbreyttum og þar með sérstöðu svæðisins.

### Blikur á lofti

En nú eru blikur á lofti. Jarðýtur og gröfur eru farnar að vinna í gilkjafti Hvannár með risaræsi og fyrirhleðslugrjót. Mér er spurn. Hver þrýstir á að Hvanná sé brúuð? Engin leyfi eru þarna fyrir hendi enda telur verktakinn engin leyfi þurfa þar sem framkvæmdin sé ekki „svo stór“ í sniðum. Með sömu rökum má brúa allar ár og læki á leiðinni inn í Þórsmörk í áföngum án nokkurra leyfa. Sem er sennilega ætlunin. Ef þessi ráðagerð verður að veruleika þá verður lítill sjarmi af Merkurferð í framtíðinni. Og Þórsmörkin breytist sjálfkrafa í sjoppuvædda rútubílamiðstöð líkt og Gullfoss og Geysir.

**➜ Hver þrýstir á ræsagerð og umhverfisspjöll við gilkjaft Hvannár? Ég vil fá þessa aðila fram í dagsljósið. Og með leyfi hverra er þetta gert?**

Í dag hefur svæðið ákveðna sérstöðu sem margir sækja í, Íslendingar sem og útlendir ferðamenn. Þrátt fyrir að aðgengi að svæðinu sé takmarkað vegna náttúrulegra aðstæðna (óbrúaðar ár) þá er ágangur ferðamanna það mikill að víða sjást þess ljót merki. Er virkilega þörf á ótakmörkuðu aðgengi og þar með margfalt meiri átroðningi?

### Sameign þjóðarinnar

Þórsmörkin varð nýlega að þjóðlendu og þar með sameign þjóðarinnar. Þórsmörkin hefur ákveðna sérstöðu sem standa þarf vörð um. Ferðaþjónustan með Vegagerðina í vasanum hefur ekkert einkaleyfi lengur á að breyta eða bæta aðgengi og öðru þarna á svæðinu eftir eigin geðþótta.

Hver þrýstir á ræsagerð og umhverfisspjöll við gilkjaft Hvannár? Ég vil fá þessa aðila fram í dagsljósið. Og með leyfi hverra er þetta gert?

Það er alveg ljóst að verði ræsinu við Hvanná leyft að standa og því haldið við þá eru það skýr merki um að stefnan sé að brúa allar ár og sprænur. Hafa menn gert sér grein fyrir þeim gríðarlegu landspjöllum sem þessu fylgir? Eða er það virkilega svo að allt sé leyfilegt í nafni fégráðugrar ferðaþjónustu?

# Héraðsdómur segir bankamenn bjána

DÓMSMÁL



Ólafur Hauksson
almannatengill

Ótrúlegt er að sjá bankamenn niðurlægða með jafn afgerandi hætti og í nýlegum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Þar lýsir dómarinn starfsmönnum Arion, Glitnis og Landsbankans sem fábjánum – en að vísu samkvæmt þeirra eigin ósk.

Þessa niðurstöðu má lesa út úr dómi yfir Aroni Karlssyni, sem var dæmdur til fangelsisvistar fyrir að „vekja og hagnýta sér rangar hugmyndir hjá starfsmönnum bankanna“. Dómurinn ætti að vera skyldulesning fyrir áhugafólk um vont réttarfar á Íslandi, en höfundur þessarar greinar er í þeim hópi.

### Rannsókn í skötulíki

Ég tók mig til og las dóminn yfir Aroni. Ég er sérstakur áhugamaður um brot á 248. grein hegningarlaga, þeirri sem Aron var ákærður og dæmdur fyrir. Ég og félagar mínir reyndum á sínum tíma að fá saksóknara til að ákæra Pálma Haraldsson og fleiri fyrir að hafa brotið gegn þessari lagagrein þegar hann blekkti okkur til að selja síðustu hlutabréfin í Iceland Express langt undir raunvirði. Öfugt við bankana höfðum við þó ekki erindi sem erfiði. Sérstakur saksóknari taldi sannanir ekki nægar, þó svo að við veifuðum þeim framan í hann. Sú litla rannsókn sem fram fór var í algjöru skötulíki.

Það næstum datt af mér andlitið við að lesa gögnin í máli Arons Karlssonar. Þar kom í ljós að bankarnir höfðu spunnið lygasögu um að Aron hefði blekkt þá um verðmæti húss við Skúlagötu og hagnast ólöglega um 300 milljónir króna. Þessi frásögn dugði til að æsa sérstakan saksóknara til að hefja rannsókn og ákæra Aron.

Málið var þannig vaxið að Aron skuldaði bönkunum vegna kaupa og breytinga á Skúlagötu 51. Hann vann að því að selja húsið, til að geta greitt veðskuldirnar. Kaupandi fannst og samið var við hann um að borga 575 milljónir króna, taka á sig virðisaukaskattsskuld upp á 110 milljónir og fasteignagjöld, sölulaun og kostnað upp á 80 milljónir. Samtals um 760 milljónir króna. Fermetraverðið í þessari sölu var 165 þúsund krónur. Um leið gátu bankarnir losað um 107 milljón króna tryggingu sem sett hafði verið fyrir greiðslu virðisaukaskatts. Heildarávinningur af þessum viðskiptum var því um 867 milljónir króna.

Um svipað leyti hafði kínverska sendiráðið sýnt húsinu áhuga, en þurfti heimild íslenskra yfirvalda til að fá að kaupa. Það leyfi fékkst skömmu eftir að gengið var frá fyrri kaupsamningnum. Kínverjarnir gerðu þá tilboð sem var hærra en fyrra tilboðið. Aron rifti fyrri samningnum og seldi kínverska sendiráðinu húsið á 96 milljónum króna hærra verði. Bankarnir fengu síðan þær greiðslur sem samið hafði verið um.

### Vildu allan peninginn

Með þessu töldu bankarnir hins vegar að sér vegið í samningum. Þeir vildu allan peninginn, ekki bara það sem samið var um. Aron taldi þetta aftur á móti eðlileg viðskipti, enda kom undirritað tilboð frá Kínverjunum eftir að búið var að ganga frá samningum um bankauppgjörið.

En hvernig áttu bankarnir að fara að því að ná þessum viðbótarfjármunum af Aroni? Almenna reglan er jú að samningar skuli standa. Í þessum viðskiptum töldust bankarnir hafa yfirburða þekkingu. En bankamennirnir fóru til sérstaks saksóknara og sögðust hafa verið plataðir. Aron hefði hagnast ólöglega um 300 milljónir króna með því að blekkja þá um verðmæti fasteignarinnar. Sérstakur saksóknari beit á agnið. Hann trúði því að her þrautreyndra bankamanna, sem véla um fasteignir fyrir hundruð milljarða króna, hefði verið gabbaður í fasteignaviðskiptum. Eins og þeir væru bjánar.

**➜ Sérstakur saksóknari beit á agnið. Hann trúði því að her þrautreyndra bankamanna, sem véla um fasteignir fyrir hundruð milljarða króna, hefði verið gabbaður í fasteignaviðskiptum.**

Refsiglaður dómarinn féllst á þessa ályktun saksóknara um að bankamennirnir væru bjánar og dæmdi Aron fyrir að „vekja og hagnýta sér rangar hugmyndir hjá starfsmönnum bankanna.“ Dómarinn gerði 96 milljóna króna hlut Arons upptækan, dæmdi hann í tveggja ára fangelsi og til að greiða bönkunum 160 milljónir króna í órökstuddar skaðabætur. Samtals eiga bankarnir að fá 1.160 milljónir króna með vöxtum frá 2009, eða um 300 milljónum meira en fékkst fyrir húsið við sölu þess til kínverska sendiráðsins.

### Yfirburðastaða í réttarkerfinu

Þessi dómur er vægast sagt stórundarlegur. Aron seldi kínverska sendiráðinu húsið á 860 milljónir króna, en bankarnir losuðu um 867 milljónir króna með sölu þess. Í hverju voru ranghugmyndir bankamanna eiginlega fólgnar? Hverju töpuðu þeir? Hver var glæpurinn?

Þetta mál sýnir að bankarnir njóta yfirburðastöðu í réttarkerfinu gagnvart borgurum þessa lands. Sérstakur saksóknari endasendist í þágu þeirra á eftir skálduðum ásökunum, en sýnir yfirþyrmandi áhugaleysi þegar maðurinn af götunni á í hlut.


# Bankakreppur og innstæður almennings

Vandinn og mögulegar lausnir

**Föstudaginn 30. nóvember**
Ráðstefna í Hörpu kl. 9:15 – 15:45

Bankakreppan hefur leitt í ljós fjölmarga veikleika hins alþjóðlega bankakerfis, þar á meðal takmarkanir innstæðutryggingakerfa í opnum hagkerfum. Það fyrirkomulag alþjóðlegra banka, að starfrækja útibú í mörgum löndum og taka við innstæðum í ólíkum gjaldmiðlum, hefur gert yfirvöldum og eftirlitsaðilum erfitt fyrir og skapað áhættu fyrir almenning.

Á ráðstefnunni munu virtir fræðimenn fjalla um vandann við að tryggja innstæður í erlendum útibúum, hættur samfara netbankastarfsemi og framtíð slíkra banka í Evrópu, hugmyndir um stofnun samevrópsks innstæðutryggingasjóðs, hve stórir sjóðirnir þurfi að vera til þess að þola áföll við ólík skilyrði, óæskileg tengsl milli einstakra banka og hugmyndir um bætt eftirlitskerfi. Þessi málefni eru í deiglunni í Evrópu um þessar mundir.

Að ráðstefnunni standa 4 íslenskir háskólar: HÍ, Bifröst, HR og HA með stuðningi ýmissa aðila.

**Dagskrá**

Kl. 9:30 **Fault lines in cross border banking revealed by the crisis and current reform proposals**
**Már Guðmundsson** seðlabankastjóri

Kl. 10:00 **Can pure play internet banking survive the credit crisis?**
**Ivo Arnold**, Nyenrode Business University

Kl. 11:15 **The use of blanket guarantees in banking crises**
**Fabian Valencia**, International Monetary Fund

Kl. 12:45 **Optimal supranational regulation: Trading off externalities and heterogeneity**
**Thorsten Beck**, Tilburg University

Kl. 13:30 **Modeling deposit insurance scheme losses**
**Riccardo De Lisa**, University of Cagliari

Kl. 14:45 **Proposals for reforming deposit guarantee schemes in Europe**
**Rym Ayadi**, Centre for European Policy Studies

Erindi og umræður fara fram á ensku.
Aðgangur er ókeypis og er ráðstefnan öllum opin á meðan húsrúm leyfir.

**Skráning fer fram á:**
www.bifrost.is/pages/radstefnur/conference

Háskólinn á Akureyri
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BIFRÖST UNIVERSITY
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY
HÁSKÓLI ÍSLANDS
ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ
Icelandic shareholders association
BANKASÝSLA RÍKISINS
SEÐLABANKI ÍSLANDS
SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Icelandic Financial Services Association
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

# TÍMAMÓT



Útför elsku móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**HELGU GUÐRÚNAR KARLSDÓTTUR SCHIÖTH**
**(Deddu) frá Hrísey,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 21. nóvember sl. fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 30. nóvember kl. 11.00.

**Rafn Halldór Gíslason** | **Alda Hallgrímsdóttir**
**Gísli Hinrik Sigurðsson** | **Jónína Sigríður Lárusdóttir**
**Sigurjóna Sigurðardóttir** | **Halldór Ásgrímsson**
**Ásta Sigurðardóttir Schiöth** | **Ellert Jón Þorgeirsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Elskulegur sambýlismaður minn, vinur okkar, bróðir og frændi,

**GUNNAR ÞÓRIR HANNESSON**
**frá Hækingsdal í Kjós,**

andaðist á Sjúkrahúsinu á Ísafirði þann 17. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þann 30. nóvember kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heyrnarhjálp, sími 551-5895.

**Guðrún Ásgeirsdóttir**
**Lilja Sölvadóttir** | **Joseph Sipos**
**Guðmundur Ásgeir Sölvason**
**Þórdís Sölvadóttir**
**Erla Sölvadóttir**
**Kristín Sölvadóttir** | **Benedikt Kröyer**
**Steinunn Sölvadóttir** | **Stefán Símonarson**
**barnabörn, systkini og frændsystkini hins látna.**



Okkar ástkæri

**HALLDÓR JÓNSSON**
**frá Garpsdal, Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi miðvikudaginn 21. nóvember, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 30. nóvember kl. 11.00.

**Jóhann Magnús Hafliðason** | **Sigrún Kristinsdóttir**
**Guðrún Hafliðadóttir** | **Snorri Rafn Jóhannesson**
**Guðmundur Hafliðason** | **Guðrún Magnúsdóttir**
**Sigríður Friðgerður Hafliðadóttir** | **Kristján Kristjánsson**
**Hjálmfríður Hafliðadóttir** | **Guðbrandur Ingi Hermannsson**
**Einar Valgeir Hafliðason** | **Svandís Reynisdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**JÖRGEN BERNDSEN**
**trésmiður, frá Skagaströnd,**

lengst af búsettur í Hlaðbrekku, Kópavogi, síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Kópavogi, andaðist aðfaranótt sunnudags 25. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Sigurbjörg Lárusdóttir (Stella)**
**Bára Berndsen**
**Fritz Berndsen** | **Indíana Friðriksdóttir**
**Lára Berndsen** | **Jón Karl Scheving**
**Bjarki Berndsen**
**Regína Berndsen** | **Bragi Þór Jósefsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LAUFEY ÓLAFSDÓTTIR**

lést á hjartadeild Landspítalans 19. nóvember. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 30. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Kópavogsdeild Rauða kross Íslands, sími: 554-6626.

**Bergþóra Þorsteinsdóttir**
**Sverrir B. Þorsteinsson** | **G. Unnur Magnúsdóttir**
**Ólína Þ. Þorsteinsdóttir** | **Sigurður Gunnarsson**
**Þórey Björk Þorsteinsdóttir** | **Ólafur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla


Sverrir Einarsson

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn


Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


# Nýfundið skeiðgen gagnlegt ræktendum

**Doktor Lisa S. Andersson flytur erindi á Hvanneyri í Borgarfirði í dag um tímamótauppgötvun sína á tilvist skeiðgensins sem kalla má „gangráðinn“.**

„Ég og samstarfsfólk mitt höfum fundið nýtt gen sem gerir það að verkum að hestar geta skeiðað. Fjórgangshestar sem ekki hafa skeið í sér eru ekki með það gen,“ segir Lisa Andersson, sem varði doktorsritgerð í sameindalíffræði í haust frá erfða- og kynbótafræðideild sænska landbúnaðarháskólans í Uppsölum, er snýst um þessa uppgötvun. Hún tekur fram að nýlegar rannsóknaraðferðir hafi gert henni hana mögulega. „Þessi þekking nýtist mönnum til að skipuleggja ræktun sína.

Sumir vilja hesta með skeiði og aðrir ekki. Nú er hægt að taka sýni úr hrossum, erfðagreina þau og fá úr því skorið hvort þau hafi í sér gen sem gerir þeim kleift að skeiða. Ef sá erfðavísir er ekki til staðar er hægt að fullyrða að hrossið verði aldrei vakurt að gagni,“ segir Þorvaldur Árnason prófessor sem býr í Svíþjóð en er með Lisu í för hér á landi að kynna hina nýju rannsókn hennar, sem hann á þátt í. Þau eru nýkomin frá því að hitta hrossaræktendur fyrir austan fjall og á leið upp í Borgarfjörð þegar blaðamaður truflar þau við hádegisverð á Ruby Tuesday við Höfðabakka.

Hluti íslenska hestastofnsins hefur þá sérstöðu í heiminum að hafa fimm gangtegundir á valdi sínu, fet, brokk, stökk, tölt og skeið. „Ég safnaði erfðavísum úr hestum, bæði fimm- og fjórgangshestum. Byrjaði á að skoða íslenska hesta sem fæddir eru í Svíþjóð og svo rannsakaði ég íslenska hesta um allan heim. Einnig kannaði ég önnur hestakyn því þar finnst þetta gen líka,“ segir Lisa.

Lisa hefur nóg að gera um þessar mundir við að kynna uppgötvun sína bæði í Svíþjóð og utan hennar og nýlega fékk hún niðurstöðurnar kynntar í hinu virta vísindariti Nature. Hún hefur tvívegis áður komið til Íslands og kveðst hafa unnið á hrossabúinu að Lækjamóti í Húnavatnssýslu fyrir tíu árum. „Ég hef átt íslenska hesta í Svíþjóð, á reyndar enga núna en þess verður ekki langt að bíða að ég fái mér íslenska hesta aftur,“ segir hún brosandi.

Erindi Lisu er haldið í Borg í Ásgarði á Hvanneyri í dag og hefst klukkan 14.30 og þangað eru allir velkomnir.

gun@frettabladid.is



**LISA OG ÞORVALDUR** Kynna íslensku hrossaræktarfólki og öðrum áhugasömum þýðingu uppgötvunar Lisu og félaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**RAGNHEIÐUR HILDUR HILMARSDÓTTIR**
**Eskihvammi 2, Kópavogi,**

lést 16. nóvember. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra þeirra sem veittu henni aðhlynningu í veikindum hennar.

**Jóhannes Viggósson**
**Logi Jóhannesson**
**Rebekka Jóhannesdóttir** | **Páll Sigurðsson**
**Rakel Ósk**



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGIBJÖRG ÓLADÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, sunnudaginn 18. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

**Álfdís Gunnarsdóttir** | **Þorsteinn Ingimundarson**
**Gunnar Hjörtur Gunnarsson** | **Jónína I. Melsteð**
**Óli Gunnarsson** | **Ingibjörg S. Gísladóttir**
**Bjarni Einar Gunnarsson** | **Valgerður Olga Lárusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BOLLI ÞÓRODDSSON**
**vélstjóri, Boðahlein 10,**

andaðist þann 13. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Svanhvít Hjartardóttir og fjölskylda**



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT ALBERTSDÓTTIR**
**Garðsenda 9, Reykjavík,**

lést laugardaginn 24. nóvember á Dvalarheimilinu Skjóli. Útför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Margrét Jóhanna Sigmundsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,

**GUÐFINNU HENNÝJAR JÓNSDÓTTUR**
**Fögrukinn 13, Hafnarfirði.**

Alveg sérstakar þakkir sendum við starfsfólki 2. hæðar Sólvangs, sem með einstakri hlýju og virðingu annaðist hana síðustu tvö árin.

**Sólveig Jónsdóttir** | **Sævar Gunnarsson**
**Jenný Jónsdóttir**
**Jón Auðunn Jónsson** | **Ólafía Sigríður Guðjónsdóttir**
**börn og barnabörn.**



Við þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát elskulegrar sambýliskonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**MARGRÉTAR H. JÓHANNSDÓTTUR**
**Presthúsabraut 30, Akranesi,**
**áður Meðalholti 9, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akraness og kvenlækningadeildar Landspítalans.

**Þorkell Kjartansson**
**Ása Sigurlaug Halldórsdóttir** | **Einar Óskarsson**
**Rakel Katrín Guðjónsdóttir**
**Halldór Pétursson** | **Mari Martínsen**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## FLOTTASTA JÓLATRÉÐ

**Eitt frægasta jólatré í heimi stendur við Rockefeller Center í New York. Í dag verður kveikt á ljósum þessa fallega jólatrés en milljónir manna fylgjast með því í beinni útsendingu. Tréð er skreytt með yfir 30 þúsund lituðum led-ljósum og á toppnum situr stjarna frá Swarovski.**







**FALLEG NÁTTÚRA**
Nýtt landslag í hverri viku
MYND/ÞORSTEINN ÓLI SIGURÐSSON

# EITT FJALL Á VIKU

**FJALLGÖNGUR** *Hópur fólks á öllum aldri hefur gengið á fjallstind vikulega nær allt árið. Hringnum verður lokað í Öskjuhlíð á gamlársdag.*

Verkefni Ferðafélags Íslands, Eitt fjall, hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár. Þar er boðið upp á göngusyrpur þar sem farið er í 12 og 52 fjallgöngur yfir árið. Seinni göngusyrpan er eins og nafnið gefur til kynna ganga á 52 fjalltinda yfir árið. Fyrsti gangan var upp á Úlfarsfell snemma í janúar og útskriftin fer fram á gamlársdag þegar hin 60 metra háa Öskjuhlíð verður „klifin“. Hjónin Ingileif Sigfúsdóttir og Þorsteinn Óli Sigurðsson eru í hópi fjölmargra sem hafa tekið þátt í göngusyrpunni í ár en upphaflega skráðu þau sig til leiks til að undirbúa tíu daga hjólaferð um Bandaríkin. „Ég var sjálf búin að fá nóg af líkamsræktarstöðvum og vildi prófa eitthvað nýtt fyrir undirbúning hjólaferðarinnar. Við sáum þennan kost og ákváðum að prófa. Við hjóluðum varla neitt eftir það því við vorum alltaf að ganga enda átti þetta hug okkar allan. Skipulag ferðanna er mjög gott og hver og einn gengur á sínum forsendum.“

Hópurinn gengur á eitt fjall í viku yfir árið en tekur sér sumarfrí yfir hásumarið. Í staðinn voru teknar tvær stærri gönguhelgar í sumar þar sem gengið var á fimm fjöll í hvorri ferð, fyrst í Þórsmörk og svo í Landmannalaugum.

Hópurinn á eftir að ganga upp á tvö fjöll í ár, Skeggja úr Dyradal og Vatnshlíðarhorn, áður en hringnum verður lokað á gamlársdag. Ingileif segir margt standa upp úr þegar horft er til baka. Þau hjónin hafi kynnst skemmtilegum félögum og ekki síður einstakri náttúru landsins sem þau séu alltaf að sjá í nýju ljósi. „Ísland er bara svo fallegt og við sjáum alltaf eitthvað nýtt í hverri ferð. Ef ég á að nefna eitthvað sem stendur upp úr á árinu má nefna ferðina á Botnsúlur sem var rosalega skemmtileg. Gangan á Kerhólakamb var einnig eftirminnileg enda bæði erfið og skemmtileg ferð í slæmu veðri. Svo var algjörlega ógleymanlegt að vera í Þórsmörk í yndislegu veðri auk þess sem ferðin í Landmannalaugar var mjög skemmtileg. Einnig veit ég að toppurinn fyrir marga var að ganga á Hvannadalshnúk en reyndar komumst við ekki á toppinn í þeirra ferð vegna veðurs.“



**GÖNGUGARPAR**
Hjónin Ingileif Sigfúsdóttir og Þorsteinn Óli Sigurðsson hafa gengið á mörg fjöll í ár.
MYND/ÞORSTEINN ÓLI SIGURÐSSON


**Vandaðir þýskir herraskór úr leðri, skinnfóðraðir. Stórar stærðir.**
Teg: 206202 23 Stærðir: 41 - 48
**Verð: 16.975.-**
Teg: 206201 23 Stærðir: 40 - 47
**Verð: 16.985.-**
Misty skor
Laugavegi 178
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is





TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara
Amerísk gæðavara





FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP
UMDEILDIR PISTLAR
vísir - oft á dag



YFIR 25 GERÐIR AF KAFFI





NESCAFÉ Dolce Gusto
GREAT COFFEE YOUR WAY
DēLonghi
JÓLATILBOÐ
2 pakkar af kaffi fylgja sjálfvirkum Dolce Gusto vélum.
Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



JÓLAFÖTIN KOMIN!

NÝ SENDING AF SVÖRTUM DRÖGTUM.
SÍÐ PILS, RAUÐIR OG BLEIKIR JAKKAR.

Opið laugardaga 11:00-15:00

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



MYNDAKVÖLD FÍ



**Fimmtudagur**
**29. nóvember kl. 20**
**Sal FÍ Mörkinni 6**

**Eitt fjall á viku**
myndasýning og kynning
**Umsjón:**
Páll Ásgeir Ásgeirsson

Aðgangur ókeypis – allir velkomnir

Skráðu þig inn – drífðu þig út
Ferðafélag Íslands


# JÓLIN ALLS STAÐAR

**SYNGJA Í 19 KIRKJUM** *Fjórir söngvarar og fjórir hljóðfæraleikarar leggja land undir fót í dag en hópurinn blæs til jólatónleika í kirkjum um allt land.*

Þetta er eitt stærsta tónleikaferðalag sem farið hefur verið í en við komum við í öllum landshlutum," segir söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir, en hún fer fyrir hópi söngvara og hljóðfæraleikara sem leggur land undir fót í dag. Hópurinn heldur jólatónleika í 19 kirkjum undir heitinu Jólin alls staðar og verða fyrstu tónleikarnir haldnir í Ólafsvíkurkirkju í kvöld.

„Svo fikrum við okkur hringinn, þó ekki í réttri röð. Við byrjum á Snæfellsnesinu og Tálknafirði, förum svo til Grindavíkur, Keflavíkur og Vestmannaeyja og á þriðjudaginn eftir viku förum við Norður- og Austurlandið í einum tíu daga rykk."

Söngvararnir í hópnum eru, auk Regínu, Guðrún Gunnars, Guðrún Árný og Jógvan og segir Regína enga rótara verða með í för. „Við gerum allt sjálf, einn keyrir og einn sér um kerfið og annar um sviðsmyndina, það verður enginn Dúddi sem keyrir rútuna í þessari ferð. En þetta fyrirkomulag kallar auðvitað á mikla samveru og allir þurfa að vera mjög samvinnuþýðir og jákvæðir," segir hún hlæjandi en hefur þó ekki miklar áhyggjur af því að upp úr sjóði á leiðinni. „Nei, það var valið í ferðina af kostgæfni og við erum ekki að fara að gista í rútunni sem betur fer. Ég er búin með þann pakka allan," segir hún.

Barnakór frá hverjum stað mun taka þátt í tónleikunum og segir Regína söngdagskrána verða bæði létta og skemmtilega. „Dagskráin verður blanda af húmor og hátíðleika og þetta eru lög sem allir þekkja. Við höfum útsett þau á okkar hátt og ætlum að reyna að fanga jólastemninguna heima í stofu. Nú liggjum við bara á bæn um gott veður," segir hún. Síðustu tónleikarnir verða þann 20. desember í Grafarvogskirkju og er miðasala hafin á www.midi.is. Gestir geta þó nálgast miða í sinni heimabyggð í kirkjunni á tónleikadaginn. Þá kom út geisladiskur með söngdagskránni í dag.

„Við höfum þegar bætt við aukatónleikum í Grafarvogskirkju og ég hvet fólk til að verða sér úti um miða í tíma," segir Regína. ■ heida@365.is



**Í JÓLASKAPI** Hópurinn ætlar að halda jólatónleika í kirkjum um allt land á aðventunni. MYND/GVA

***Nánari upplýsingar um tónleikadagskrána er að finna á www.jolinallsstadar.is og á Facebook.***

# LJÓSADÝRÐ Í NEW YORK

***Stórborgarrómantík** New York er rómuð jólaborg og er ljósadýrðin hvergi meiri. Ljós eru tendruð á fjölmörgum jólatrjám þar á hverju ári.*

New York er uppljómuð á þessum tíma árs og þar er sannarlega hægt að næla sér í jólastemningu ásamt því að gera góð jólakaup.
Fjölmörg fagurskreytt jólatré prýða borgina og mörg eiga sinn fasta sess og sína föstu aðdáendur sem mega ekki til þess hugsa að sjá þau ekki ár eftir ár.

Jólatréð við Rockefeller Center er það allra rómaðasta. Fyrir neðan það er sívinsælt skautasvell og hafa ófáar jólakvikmyndir verið teknar upp á þessum slóðum. Enginn ferðamaður sem á leið um New York í kringum jól lætur þessa sjón fram hjá sér fara og freistast margir til að renna sér á skautum undir ljómandi trénu.

Á náttúrugripasafninu (American Museum of Natural History) stendur risavaxið origami-tré og hefur gert í á fjórða áratug. Þar má sjá ýmislegt fleira undir yfirheitinu: Stærst og best, eins og Bandaríkjamönnum sæmir.

Á South Street er uppljómað jólatré og um helgar flytja sönghópar hugljúf jólalög undir trénu. Vegfarendur staldra þá gjarnan við og taka sér kærkomna hvíld frá jólastreðinu.

Frá árinu 1923 hefur risavaxið fagurskreytt jólatré risið fyrir framan kauphöllina á Wall Street og verður engin breyting á því í ár.



**LÍF OG FJÖR** Ljós á flestum trjám í New York eru tendruð í nóvember en enn er þó eftir að kveikja á ljósum trésins á Wall Street. Samhliða er yfirleitt mikil jóladagskrá.

Ljósin eru tendruð á flestum trjám í New York í lok nóvember og samhliða er yfirleitt vegleg dagskrá.

Yfirleitt er þó ekki kveikt á ljósum Kauphallartrésins fyrr en í byrjun desember og í ár fer athöfnin fram þann fjórða.







Póst dreifing

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


SPORTLIF.IS
45 LB
ÍSLANDSMÓTIÐ
Í CROSSFIT 2012
Mótstaður: CrossFit Reykjavík
10 LB
Föstudaginn 30. nóvember frá 19-22
Laugardaginn 1. desember frá 10-16
Aðgangseyrir: 1000 kr fyrir báða dagana
Rúmlega 60 keppendur keppa um
Íslandsmeistaratitilinn í CrossFit 2012




# BLESS VIÐ SEKTIR

**BÍLASTÆÐALÚXUS** *Hver vill ekki losna við svimandi háar stöðumælasektir? Nú er hægt að leggja bílnum með farsímanum og losna við alls kyns umstang.*

Senn kemur aðventan með tilheyrandi ys og þys og bílastæðabrölti í bænum. Þá er þægilegt að losna við leit að miðavélum Bílastæðasjóðs í mestu vetrarhörkunum og geta gengið frá stöðumælagjaldi í farsímanum. Það er lítil fyrirhöfn í hlýjum bílnum og síðan hægt að halda á vit erinda sinna með góðri samvisku og öruggri vissu um að fá ekki stöðumælasekt,“ segir Hreinn Gústavsson, hugvitsmaður og framkvæmdastjóri Stokks Software, sem rekur stöðumælaþjónustuna Leggja.

Leggja fór í loftið 2008 og þjónar nú þúsundum bíleigenda sem hafa sagt skilið við stöðumælasektir og leggja nú bílnum með farsíma sínum.

„Það snýr enginn til baka í hefðbundna stöðumæla eftir að hafa einu sinni prófað Leggja,“ segir Hreinn. „Stærsti kosturinn er vitaskuld að losna við háar stöðumælasektir en einnig að þurfa ekki að hafa handbæra smámynt í stöðumæla. Þá sparar tíma og fyrirhöfn að þurfa ekki að sækja stöðumælamiða í langri fjarlægð frá bílnum og sá sem notar Leggja greiðir aðeins fyrir þann tíma sem bílnum er lagt og þarf því ekki að ákveða fyrir fram hversu lengi hann ætlar að leggja.“

Til að gerast notandi Leggja er bæði hægt að skrá sig á heimasíðuna www.leggja.is eða hringja í 770 1414 og fá samband við þjónustuver.




„Notendur fá sendan P-límmiða sem þeir líma á framrúðuna en geta einnig prentað út P-miða af heimasíðunni í sama tilgangi. Það er gert í öryggisskyni gagnvart mögulegum bilunum í tölvukerfi Bílastæðasjóðs og sýnir stöðumælavörðum að bíleigandinn greiðir í gegnum Leggja,“ segir Hreinn.

„Þegar í bílastæði er komið er einfaldlega hringt í 770 1414 og gjaldsvæði valið með takka á símanum. Frá og með þeim tíma hefst gjaldtaka sem er gjaldfærð af kreditkorti. Sjá nánar á www.leggja.is.

■ thordis@365.is

**HUGULSAMUR** Hreini Gústavssyni þótti vanta almennilega þjónustu við bíleigendur í gjaldskyldum bílastæðum. MYND/GVA

***Mánaðargjald er 419 krónur en að sögn Hreins velja flestir 74 krónu þjónustugjald sem leggst ofan á stöðumælagjald í hvert skipti sem þjónustan er notuð.***

# LEYNDÓ Í DISNEY

**LEYNIKLÚBBUR** *Eitt besta geymda leyndarmál Disney-skemmtigarðsins í Flórída er fimm stjörnu veitingastaður og einkaklúbbur 487 meðlima.*

Í Disney-skemmtigarðinum í Flórída er fimm stjörnu veitingastaðurinn og klúbburinn Club 33 sem er vel falið leyndarmál. Staðurinn er ekki opinn almenningi og eru meðlimir hans aðeins 487 talsins. Meðlimir geta þó boðið vinum og kunningjum að fara á staðinn. Fyrir aðdáendur Disney og ævintýra hans er erfitt að lýsa þeirri upplifun sem Club 33 hefur upp á að bjóða.

**FRÆGIR GESTIR**

Forsetar Bandaríkjanna, leiðtogar ýmissa landa, leikarar og viðskiptamenn frá hinum ýmsu löndum heims hafa verið gestir staðarins. Það er alls ekki óvenjulegt þegar fólk fer út að borða á staðnum að sá sem situr á næsta borði sé heimsfrægur leikari eða stjarna.

**TILKOMA NAFNSINS**

Það fara margar sögur af því hvernig nafn staðarins er tilkomið. Tvær algengustu skýringarnar eru báðar nokkuð skynsamlegar. Opinbera skýringin sem forsvarsmenn Disney nota er sú að nafnið sé dregið af heimilisfangi staðarins en klúbburinn stendur við Royalstræti númer 33 við New Orleans-torg. Óopinbera skýringin sem helst er notuð er að helstu styrktaraðilar Disneylands voru 33 talsins árið 1967 þegar veitingastaðurinn var opnaður.

**FLEIRI TEKNIR INN Í FYRSTA SKIPTI Í TÍU ÁR**

Aðgangur að Club 33 krefst, eins og allir góðir hlutir, þolinmæði. Mismargir nýir félagar eru teknir inn í klúbbinn á hverju ári. Sum ár er engum nýjum boðin þátttaka en sum árin eru þó nokkrir teknir inn. Í maí síðastliðnum tilkynntu forsvarsmenn Disney að takmarkaður fjöldi nýrra meðlima yrði tekinn inn í Club 33. Þá var sent boð til hundrað fyrstu þeirra sem voru á biðlista, sem



þá taldi átta hundruð manns, um að ganga í klúbbinn. Inngangan er aldeilis ekki ókeypis en við inngöngu þarf að greiða 25 þúsund dollara, eða sem nemur 3,1 milljón íslenskra króna, og árgjaldið er tíu þúsund dollarar eða um 1,2 milljónir. Þetta var í fyrsta skipti í tíu ár sem ný nöfn af listanum voru tekin inn í klúbbinn.

**FLÓKIÐ UMSÓKNARFERLI**

Ef fólk hefur hug á að ganga í klúbbinn þarf að senda formlegt, skriflegt bréf. Sex til átta vikum síðar á umsækjanda að berast upplýsingapakki. Í pakkanum eru upplýsingar um verð, réttindi meðlima og stutt kynning á klúbbnum og sögu hans. Eftir að viðkomandi hefur kynnt sér þessar upplýsingar þarf að senda annað bréf þar sem formleg ósk um að gerast meðlimur þarf að koma fram og beiðni um að vera settur á biðlista. Mikilvægt er að senda síðara bréfið því annars er fólk ekki sett á biðlistann.



**EFTIRSÓTTUR STAÐUR** Club 33 er veitingastaður og klúbbur í Disneylandi. Um sjö hundruð manns eru nú á biðlista til að ganga í klúbbinn. NORDIC PHOTO/GETTY



# FLOKKUN

## TIL FRAMTÍÐAR UM ALLT LAND






Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar, segir að mörg sveitarfélög séu komin langt fram úr höfuðborgarsvæðinu í endurvinnslu.

# Byltingarkennd þróun

**Fimm ár eru liðin síðan Sveinn Hannesson tók við starfi framkvæmdastjóra Gámaþjónustunnar og dótturfélaga eftir 16 ár í starfi framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins. Hann var spurður um þessi umskipti. Sveinn segist alltaf hafa haft áhuga á atvinnurekstri og því hafi þetta verið kærkomið tækifæri, ekki síst þar sem hann hafði áður setið í stjórn Gámaþjónustunnar og þekkti því vel til þar.**

### ERFIÐ ÁR AÐ BAKI

Engu að síður segir hann að það hafi komið sér á óvart hversu margslunginn og flókinn reksturinn er. „Undanfarin ár hafa ekki verið neinn dans á rósum fyrir þetta fyrirtæki frekar en önnur íslensk fyrirtæki," segir Sveinn. Það þurfi ekki að hafa mörg orð um það að Íslendingar og íslenskt atvinnulíf hafa gengið í gegnum ótrúlegt gerningaveður. Krónan hrundi, bankarnir lögðu upp laupana og flest stærri fyrirtæki landsins urðu ýmist gjaldþrota eða þurftu að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

„Þessi ár hafa óneitanlega verið á margan hátt erfið en mér finnst að við séum nú að ná vopnum okkar á mörgum sviðum," segir Sveinn. „Stærsti áfanginn í viðreisnarstarfi okkar fyrirtækis að undanförnu er að við seldum eignarhlut Gámaþjónustunnar í fyrirtækjasamstæðu í Lettlandi fyrir rúmu ári með ágætum árangri sem nýttist okkur til að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu hér heima. Okkar reynsla er sú að það er mjög hættulegt að vera í atvinnurekstri erlendis þegar bankinn þinn heima á Íslandi, sem átti að vera þinn bakhjarl, verður bráðkvaddur. Ég get alveg fullyrt að ég hef hvorki fyrr né síðar lent í krappari dansi. Þeim mun ánægjulegra er að málalok urðu vel ásættanleg."

### JÁKVÆÐ ÞRÓUN Í UMHVERFISMÁLUM

En hvernig lýst Sveini á þróunina á sviði sorphirðu- og endurvinnslu að undanförnu? Hann segir að hér hafi orðið mjög miklar og örar breytingar á undanförnum árum. „Hér spila saman margir þættir. Þar má fyrst nefna áhrif af lögum og reglum sem hingað berast frá Evrópu á grundvelli EES-samningsins. Dæmi um slíkt er að framleiðendur og seljendur bera ábyrgð á að tiltekið hlutfall umbúða fari til endurvinnslu og endurnýtingar. Sem betur fer hefur á margan hátt tekist að innleiða þessar reglur með skynsamlegum hætti hér á landi. Þar hefur tilkoma Úrvinnslusjóðs skipt sköpum. Þar við bætist svo að markaðir fyrir endurvinnsluefni eru í mikilli og stöðugri þróun. Sífellt eru gerðar meiri kröfur til urðunarstaða sem aftur veldur því að þeim fækkar og kostnaður á hvert urðað tonn vex. Það er sem sagt í mörgum tilvikum dýrara að urða úrganginn en að endurvinna hann."

### AUKIN FLOKKUN ÚRGANGS – MINNI URÐUN

Sveinn segir það enga tilviljun að sveitarfélög og fyrirtæki séu ár frá ári að auka flokkun og ná mörg hver frábærum árangri á því sviði. „Þetta eru hagrænu þættirnir en síðan bætist það við að mikil vakning hefur orðið meðal almennings um að auka flokkun og endurvinnslu en draga úr urðun og sóun. Það er ákaflega gaman að verða vitni að þessari þróun og taka þátt í henni. Ef til vill væri frekar rétt að tala um byltingu en þróun á þessu sviði miðað við það hve örar breytingarnar eru," segir Sveinn.

### ENGIN BYLTING ÁN ÁTAKA

Varla verður þessi bylting þó án átaka frekar en aðrar byltingar eða hvað? Sveinn segir að það sé alveg rétt að svona mikil breyting verði hvorki átaka- né fyrirhafnarlaus: „Í flestum tilvikum eru sveitarfélög hætt að annast sorphirðuþjónustu við fyrirtæki. Sú breyting var mjög til bóta, því fyrirtæki sem greiðir fast gjald fyrir sorphirðuþjónustu sveitarfélagsins hefur hvorki hvata til að flokka eigin úrgang né draga úr magninu. Þessi hvati er heldur ekki til staðar hjá heimilunum í landinu, þau greiða fast gjald óháð því hvernig þau haga sér."

### UPPFYLLUM ÞARFIR VIÐSKIPTAVINA

Sveinn segir að Gámaþjónustan hafi brugðist við óskum um aukna flokkun fyrir sjö árum með því að bjóða heimilum svokallaða Endurvinnslutunnu sem setja má í sjö flokka af endurvinnsluefni. Þetta frumkvæði hefur sparað sveitarfélögum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, milljónir í minnkuðum urðunarkostnaði. „Mörg sveitarfélög á landinu hafa síðan tekið upp söfnun á endurvinnsluefni frá öllum heimilum á sínu svæði sem er auðvitað fagnaðarefni. Þarna hafa sveitarfélög víða um land tekið af skarið en sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru langt á eftir."

### HAGSMUNIR SORPU RÁÐA FÖR

„Sveitarfélög úti á landi hafa innleitt söfnun á endurvinnsluefni hvert með sínum hætti og nánast undantekningarlaust í samstarfi við einkaaðila," segir Sveinn. „Sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu eru t.d. flest eða öll komin langt fram úr höfuðborgarsvæðinu þar sem lítið hefur gerst. Sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu eru reyrð saman í byggðasamlagi og alltaf er verið að leita að heildarlausnum sem allir eigendur eru sáttir við. Þær lausnir hafa reynst vandfundnar."

Þetta hefur að mati Sveins leitt til þess að ekki er safnað endurvinnsluefni nema því sem Sorpu hentar að taka á móti. Þangað á allt efnið að fara, án útboðs að sjálfsögðu. Á höfuðborgarsvæðinu er nú farið af stað með svokallaðar Blátunnur til söfnunar á pappír og pappa. „Skyndilega er þetta verkefni orðið að skylduverkefni Sorpu og sveitarfélaganna sem að henni standa. Þá er ekki hikað við að ryðja einkaaðilum sem innleitt hafa þessa þjónustu árum saman út af markaði. Af þeim sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem hafa ákveðið að auka flokkun úrgangs frá heimilum þá er það eingöngu í Reykjavík þar sem íbúðareigendum er „leyft" að velja milli fleiri kosta, þar á meðal að kaupa þjónustuna af Gámaþjónustunni," segir Sveinn að lokum.

# Nýir gámavellir í Húnavatnssýslu

Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar (SVH) var stofnuð fyrir 22 árum og hefur starfað í Húnavatnssýslum óslitið síðan.

**SVH** þjónustar fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu varðandi úrgangsmál, gámaleigu og flutning.

**SVH** sér um sorphirðu fyrir Blönduós, Skagaströnd, Skagabyggð og Húnavatnshrepp. Það rekur einnig tvo nýlega gámavelli á Blönduósi og Skagaströnd auk þess að hafa annast hönnun þeirra og gerð.

**SVH** er meðal annars með tvískiptan söfnunarbíl og getur safnað úrgangi og endurvinnsluefnum í sömu ferð.

**SVH** rekur eigin flokkunarstöð fyrir endurvinnsluefni á Skagaströnd þar sem efnin eru flokkuð og bögguð til útflutnings.

**SVH** annast stífluþjónustu á svæðinu með sérútbúnum tækjum og einnig er fyrirtækið með ýmiss konar jarðvinnu- og akstursþjónustu.



Gámavöllur á Blönduósi.




Nýjar höfuðstöðvar Gámaþjónustu Norðurlands.



Dalvíkurlausnin, tvær tunnur og tvö hólf.

# Mikill árangur á starfssvæði Gámaþjónustu Norðurlands

- Árið 2010 fóru 9.600 tonn til urðunar af Eyjafjarðarsvæðinu.
- Árið 2011 fóru tæplega 7.000 tonn til urðunar.
- Gámaþjónusta Norðurlands annast sorphirðu fyrir nánast öll sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu og hafa sveitarfélögin þar verið brautryðjendur varðandi flokkun á heimilisúrgangi.
- Fyrirtækið er stærsti þjónustuaðili fyrirtækja á svæðinu varðandi úrgangsmál og endurvinnsluefni.
- Gámaþjónusta Norðurlands ehf. hefur starfað á Akureyri og raunar öllu Eyjafjarðarsvæðinu í 25 ár. Starfsemin hefur farið stöðugt vaxandi, sérstaklega hin síðustu ár.
- Gámaþjónusta Norðurlands hefur verið brautryðjandi í notkun á tvískiptum söfnunarbílum hér á landi og þannig gefið aukna möguleika á flokkun á upprunastað úrgangs svo sem við heimili.
- Í sumar opnaði Gámaþjónusta Norðurlands nýja og glæsilega aðstöðu á Hlíðarvöllum við Hlíðarfjallsveg á Akureyri. Þar fer fram móttaka á almennum úrgangi og flokkun á endurvinnsluefnum. Starfssvæði Gámaþjónustu Norðurlands er Eyjafjarðarsvæðið og Þingeyjarsýsla.
- Fyrirtækið hefur lagt sig fram við að styðja samfélagsleg verkefni á svæðinu og þá sérstaklega íþróttafélög.



Hlíðarvellir, athafnasvæði Gámaþjónustu Norðurlands.



# Fyrirtæki velkomin með úrgang og endurvinnsluefni til losunar

Ingþór Guðmundsson er stöðvarstjóri móttöku- og flokkunarstöðvar Gámaþjónustunnar hf. að Berghellu 1 í Hafnarfirði. Ingþór svaraði nokkrum spurningum blaðamanns varðandi stöðina.

*Hvaða starfsemi fer fram í Berghellu hjá Gámaþjónustunni?* Gámaþjónustan er þjónustuaðili fjölmargra fyrirtækja og stofnana varðandi leigu á gámum og öðrum ílátum til söfnunar og flutnings á úrgangi og endurvinnsluefnum. Þessi efni koma til flokkunar eða annarrar meðhöndlunar í Berghellu. Starfsemin byggir síðan á að flokka efnin sem mest og urða sem minnst af úrgangi og síðast en ekki síst erum við með öfluga jarðgerð. Ég vil einnig minnast á að mikið af flokkuðu efni kemur til okkar og almennt eru viðskiptavinir okkur mjög duglegir að flokka.

*Mega aðrir koma í Berghellu með úrgang og endurvinnsluefni?* Já, mörg fyrirtæki vilja sjálf keyra sinn úrgang og endurvinnsluefni til okkar og við tökum á móti þessum efnum hér í Berghellu. Ég vil taka sérstaklega fram að öll fyrirtæki eru velkomin í viðskipti við stöðina í Berghellu og vel er tekið á móti fólki.

*Fyrir hverja er gámavöllurinn?* Gámavöllurinn hér eða endurvinnslustöðin er fyrir almenning og fyrirtæki sem þurfa að losa sig við úrgang og endurvinnsluefni. Viðskiptavinir Gámavalla koma víðs vegar að af höfuðborgarsvæðinu og ég vil nefna að einstaklingar geta fengið moltu, timburkurl og hrossatað sér að kostnaðarlausu.


Flokkunarstöð Gámaþjónustunnar að Berghellu, Hafnarfirði.

*Endurvinnslutunnan er losuð í Berghellu. Hvernig gengur að flokka efnið?* Endurvinnslutunnan hefur notið mikilla vinsælda hjá heimilum og húsfélögum, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og einnig víðar um land eins og í Eyjafirði. Eftir söfnun þá er efnið sett á færiband og flokkað frekar. Notendur Endurvinnslutunnunnar standa sig vel í flokkun og hreinleika endurvinnsluefna og þegar svo er þá verður frekari vinna við efnin auðveldari.

*Hvað verður síðan um endurvinnsluefnið eftir flokkun?* Hvert efni á sitt hólf í flokkunarstöðinni og endurvinnsluefnið kemur bæði frá fyrirtækjum og úr Endurvinnslutunnunni. Síðan er efnið baggað og það sett í 40 feta skipagám og flutt til endurvinnslu erlendis.

*Mega allar tegundir af umbúðaplasti fara í Endurvinnslutunnuna?* Já, allar tegundir af umbúðaplasti mega fara í Endurvinnslutunnuna. Nauðsynlegt er að skola plast sem notað hefur verið undir matvæli áður en það er sett í tunnuna. Hreinleiki efnisins skiptir máli.


Ingþór Guðmundsson, stöðvarstjóri í Berghellu.

*Hver er aðalávinningurinn af flokkuninni?* Okkar markmið er að halda í lágmarki úrgangi sem fer til urðunar. Endurvinnsluefnin eru hráefni sem hægt er að endurvinna í aðrar vörur og skapa þau útflutningsverðmæti. Ávinningur af flokkun úrgangs og söfnun endurvinnsluefna er því ótvíræður.

*Þú nefndir jarðgerð, hvernig fer hún fram?* Jarðgerð byggir á því að breyta lífrænum úrgangi í jarðvegsbæti (moltu) við stýrðar aðstæður. Alvörujarðgerð eins og við stundum má þekkja á því að frá vinnslunni kemur nýtanleg afurð (molta). Moltan er kraftmikill áburður sem nýtur sívaxandi vinsælda.

**Taktu þátt í ET leiknum á Endurvinnslutunnan.is**

**Þú gætir unnið Ipad mini!**

# Endurvinnslutunnan

## Raunhæfur valkostur fyrir Reykvíkinga




Fyrir 7 árum hóf Gámaþjónustan hf. að bjóða upp á Endurvinnslutunnu á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar á heimilissorpi. Í hana mega fara **SJÖ** flokkar af efnum, allt laust í tunnuna nema rafhlöður sem fara í þar til gerða poka. Aðeins Endurvinnslutunnan býður upp á þetta marga flokka í sömu tunnu, sem er mikil hagræðing. Allt sem í Endurvinnslutunnuna fer er síðan flokkað í móttöku- og flokkunarstöð Gámaþjónustunnar hf., baggað og gert klárt til útflutnings. **Endurvinnsla okkar er ábyrg og örugg!**

**Reykvíkingar, kynnið ykkur vel hvaða valkostir eru í boði:**

**Þið eigið val um að panta Endurvinnslutunnuna frá Gámaþjónustunni en í hana má setja SJÖ flokka af endurvinnsluefnum.**

**Okkar lausn er umhverfisvæn, ódýr og sparar þér sporin.**

**Ekkert skrefagjald!**



**ET+**

**Þarft þú að losna við raftæki?**
Við sækjum stærri raftæki til viðskiptavina Endurvinnslutunnunnar þeim að kostnaðarlausu.

**Kynnið ykkur allt um Endurvinnslutunnuna á**
**endurvinnslutunnan.is**

ÁBYRG OG ÖRUGG ENDURVINNSLA

**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**
*BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ*

**Söludeild Hringhellu 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • endurvinnslutunnan.is**



Frá Gámavellinum Enni í Snæfellsbæ.

# Endurvinnslustöðin í Enni er fyrirmynd

Gámaþjónusta Vesturlands á og rekur góða endurvinnslustöð í Snæfellsbæ. Sérstaða stöðvarinnar er að hún er að hluta til yfirbyggð. Notendur stöðvarinnar aka inn í hús og losa sig við endurvinnsluefnin í skjóli fyrir náttúruöflunum. Þessi þægindi íbúa Snæfellsbæjar hafa vakið eftirtekt annarra sveitarstjórnarmanna sem horfa til þessarar lausnar á stöðum þar sem lognið fer hratt fram hjá.

Íbúar í Snæfellsbæ og Eyja- og Miklaholtshreppi hafa aukið flokkun á heimilum. Endurvinnslutunnur eru komnar við öll heimili og eru losaðar á fjögurra vikna fresti. Gámaþjónusta Vesturlands annast þessa þjónustu með tveggja hólfa sorphirðubíl og tekur í einni ferð bæði endurvinnsluefnin og almennt sorp.

Fyrirtækið annast einnig sorphirðu bæði í Dalabyggð og Reykhólasveit. Bæði þessi sveitarfélög hafa komið sér upp góðum afgirtum endurvinnslustöðvum. Fyrirtækið annaðist bæði hönnun og byggingu á endurvinnslustöðinni í Búðardal.

Tilkoma allra þessara endurvinnslustöðva hefur stóraukið það magn efna sem fara í endurvinnslu í stað þess að enda í urðun.




Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, og Ragnar Ágúst Kristinsson, rekstrarstjóri Gámaþjónustu Vestfjarða, við flokkunarbar á gámavellinum á Patreksfirði.

## Hollur er heimafenginn baggi

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf. er gamalgróið vestfirskt fyrirtæki á sviði umhverfismála.

Flokkun og böggun efna sem fara til endurvinnslu fer fram í eigin húsnæði á Ísafirði. Öll flokkun er unnin af starfsmönnum Gámaþjónustu Vestfjarða. Mikil áhersla er lögð á að halda atvinnu í heimabyggð eins og kostur er og eru flest endurvinnsluefnin flutt út beint frá Ísafirði. Fyrirtækið annast sorphirðu í Vesturbyggð, á Tálknafirði, í Bolungarvík og í Súðavík og rekstur gámavalla fyrir þrjú þau fyrstnefndu. Fyrirtækið er með öflug tæki til jarðvinnu og flutninga.

## METNAÐARFULL MARKMIÐ HJÁ HELSTA VIÐSKIPTAVININUM

Gámaþjónusta Austurlands – Sjónarás ehf. annast þjónustu á sviði úrgangs- og endurvinnslumála á Austurlandi, einkum á Héraði og í Fjarðabyggð. Þjónustan er við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.

Fyrirtækið annast með sérstökum samningi meðhöndlun allra aukaafurða hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði. Umhverfismarkmið álversins varðandi úrgangsmál eru mjög metnaðarfull og er stefnt að því að nær enginn úrgangur álversins fari til urðunar heldur eingöngu til endurnýtingar og endurvinnslu.

Árið 2010 fóru aðeins 0,3% af úrgangi Alcoa Fjarðaáls til urðunar.



**Sérhæfður ryksugubíll hjá Gámaþjónustu Austurlands.**

Öll endurvinnsluefni sem safnað er á vegum Gámaþjónustu Austurlands – Sjónaráss ehf. eru flutt til Evrópu frá Reyðarfirði með íslenskum skipafélögum.

# Spilliefni og raftæki í öruggum höndum

Aðalstarfsemi Efnamóttökunnar hf. felst í söfnun, móttöku og meðhöndlun spilliefna og ónýtra raftækja. Starfssvæði félagsins er allt landið.

Skil spilliefna jukust mikið með tilkomu Spilliefnanefndar sem síðar varð Úrvinnslusjóður.

Flestum spilliefnum má skila án gjalds því förgunarkostnaður er innifalinn í verði efnanna þegar þau eru keypt.

Móttaka og meðhöndlun raftækja er núna stór þáttur í starfsemi félagsins. Það tók virkan þátt í innleiðingu nýs kerfis og er aðalsöfnunaraðili notaðra raftækja á landinu. Efnamóttakan tekur að sér eyðingu trúnaðarskjala og vöru sem þarf að farga undir eftirliti.



Starfsstöð Efnamóttökunnar í Gufunesi.







# 2012 Jólahlaðborð

## Í Perlunni






Frábærir tónlistamenn skemmta á Jólahlaðborðinu. Grétar Örvarsson og Sigga Beinteins á fimmtudögum og sunnudögum. Þórir Baldursson og Sveinn Óli Jónsson spila á föstudögum og laugardögum.

**Gjafabréf Perlunnar**
Góð gjöf við öll tækifæri!

### Forréttir

Villibráðasúpa
Kavíar
Reyktur lax
Graflax
Reyktur áll á eggi
Parmaskinka
Hreyndýra paté
Andalifra-terrine
Sveitapaté
Lifrarkæfa
Sjávarréttasalat
Rækjur
Síldar salöt
Heitreyktur silungur
Salat
Nautatunga
Hvala eða Gæsa carpaccio

### Aðalréttir

Grillað dádýr
Purusteik á danska vísu
Roastbeef
Hamborgarhryggur
Kjúklingur tandoori
Kalkúnabringur
Hangikjöt
Kalkúnalæri
Andarleggir
Flamberað góðgæti 2 tegundir

8.790 kr.
*tilboð mánud.-miðvikud*
*7.790 kr.*

### Eftirréttir

Ris à l'amande
Súkkulaðiterta
Perlu súkkulaði bomba
Heit eplakaka
Dimekaka
Karmellukaka
Eggjabúðingur
Dessert í glösum
Úrval af ís
Smákökur
Gulrótarkaka
Súkkulaðibollar
Rúlluterta

*Uppselt: 24. & 30. nóv - 1.- 7.- 8. & 15 des.*




*Opið í hádeginu*
*Föstudagana 7. og 14. desember*
*Laugardagana 8. og 15. desember*
*Aðeins 5.290 kr.*

### Skötu og Jólahlaðborð

23. desember
5.290 kr.



Mekka verður með vínsmökkun á eðalvínum fyrir mat, á hlaðborðum Perlunnar.

### Nýárskvöld í Perlunni

1. janúar - opnum kl. 19

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

PERLAN

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN H/F BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5 www.bilaholln.is



Honda CR-V Executive 12/2011 ek.34þús. Glerþak. Sjálfskiptur. Leður. Skipti möguleg á ódýrari. ER Á STAÐNUM. Ásett verð 5.690.000.-



Toyota Hilux Double Cab Diesel 8/2007 ek.79þús. Sjálfskiptur. Búinn í 80þús km skoðun. Mjög góð þjónustubók. Ný nagladekk. Ný ryðvarinn. ER Á STAÐNUM. Ásett verð 3.490.000.-



Hyundai Tucson 4x4 1/2008 ek.82þús. Beinskiptur. Ný tímareim. Ný ryðvarinn. Eyðslugrannur jepplingur í góðu ástandi. ER Á STAÐNUM. Ásett verð 2.190.000.-



Chevrolet Spark LT 3/2011 ek.22þús. Beinskiptur. Eyðsla ca 5-6L. ER Á STAÐNUM. Ásett verð 1.790.000.-



Toyota Corolla 1.4 VVTI 5/2006 ek.79þús. Beinskiptur. 1 eigandi. ER Á STAÐNUM. Ásett verð 1.390.000.-



Peugeot 206 XR Présence 6/2007 ek.57þús. Ný tímareim. ER Á STAÐNUM. Ásett verð 1.290.000.-

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



Af hverju ertu að skoða bíla í kuldanum, erum með 50 bíla í salnum, allar gerðir. Komdu og skoðaðu draumabílinn við bestu aðstæður. Bílar á öllum verðum. Það hefur aldrei kostað að skrá bíl hjá okkur.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2007, ekinn 114 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.110838.



HYUNDAI Sonata. Árgerð 2008, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.080.000. Rnr.1110456. TILBOÐSVERÐ kr: 1.490.000,-



KIA Ceed eco-dynamics. Árgerð 2011, ekinn 30 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.850.000. Rnr.140355.



TOYOTA Land cruiser 120. Árgerð 2003, ekinn 202 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.180024.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**



**MOLINN ER Á STAÐNUM**

LAND ROVER Discovery 4 SE. Árg 2012, ekinn 11 Þ.KM dísel Leður 7 Manna Rafdrifin sæti Verð 13.900.000. Rnr.146345.



**DÍSEL MEÐ ÖLLU**

VW Touareg V10 dísel Árgerð 2006, ekinn 135 Þ.KM, dísel hlaðinn búnaði Verð 4.990.000.skoðar skipti Rnr.146320.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HEKLA REYKJANESBÆ



VW Touran. Árgerð 2007, ekinn 110 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.110288.



VW Fox. Árgerð 2006, ekinn 95 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 690.000. Rnr.120297.



MMC L200 d-cab cr gls. Árgerð 2006, ekinn 122 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.100.000. Rnr.110290.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX. Árg 9/2008, ekinn 139 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, 5manna, leður, Loftpúðafjöðrun ofl. Verð 5.990þ Rnr.124022.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777



VOLVO S60 turbo 20v. Árgerð 2005, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.147204.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

100bílar.is bílasala



HONDA CRF 150 R. Árgerð 2008, 4 strokka, 23hö, umboðshjól í topp standi, Ásett verð 390.000. Rnr.117979. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



ÚTSÝNI.ÚTSÝNI. Til sölu see coast útsýnis kíkir f. 50kr pening. Með fæti. Flott mubla. Uppl. í síma: 8960096.



Rafstöð til sölu. Perkings árg.'01. 18KW í kassa keyrð 1500klst ný yfirfarin. Uppl í síma: 8960096.

Til sölu Hyundi accent 1500 árg 99' sk13 5gíra vetradekk cd fallegur og góður verð 290þ. Subaru legacy 97' station sk13 sjálfskiptur krókur verð 220þ til sýnis að Auðbrekku 4 kóp s. 8968568

### Bílar óskast

**0-250 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

### Jeppar



**DISEL PAJERO - TILBOÐ 265ÞÚS.**

MMC Pajero árg. ,98, 2,8 dísel, bs, ek. 300 þús. Nýskoðaður ,13. 7 manna. Verð 265þús. Sími 891 9847.

### Sendibílar



KEYRSLA.IS Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Vinnuvélar

NORSKAR KEÐJUR OG KEÐJUVIÐGERÐAREFNI
Eigum til fyrir vinnuvélar, vörubíla, sendibíla og dráttarvélar
VB LANDBÚNAÐUR www.VBL.is
REYKJAVÍK S: 414-0000 | AKUREYRI S: 464-8600

### Varahlutir

Bílapartasalan Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfirði
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

EYJALIND
Varahlutir í vinnulyftur
S: 517-8240
Súðarvogi 20
www.eyjalind.is

**VARAHLUTAVAKTIN**
**SÍMI 555 6666**

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera ,98, Elantra ,98, Almera ,98 Legacy ,98, carisma'98. Lanser station ,97 S. 896 8568.

### Viðgerðir

**ÓDÝRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁL!**

Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**HELGI PÍPARI**

Hitamál, viðgerðir, endurlagnir, nýlagnir og allar pípulagnir. S. 820-8604 helgipipari@gmail.com

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

### Garðyrkja

Áralöng reynsla í uppsetningu og sölu jólaseria, fáið tilboð það er ódýrara enn fólk heldur.
SÍMI 577 4444
GARÐ ÁLFARNIR GARÐAÞJÓNUSTA

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti.
**orlofshus.is Leó 897 5300**

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU
ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 100 fm verslunarhúsnæði að Seljabraut 54 við hliðina á Pín Verslun. Hentar undir ýmsan rekstur. Uppl. veitir Símon í S: 893 7249.

**TVÖ 60,6 M2 IÐNAÐARBIL TIL SÖLU**
9 m2 milliloft. Einnig eitt 51,6 m2 bil. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. ~~Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500~~

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# ATVINNA

## Atvinna í boði

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS ehf

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Góðar aukatekjur. Áhugasamir sendi póst á erna@tmi.is

Olíudreifing

**STARFSMAÐUR Í BIRGÐASTÖÐ**
Olíudreifing leitar að vélstjóra eða handlagnum einstakling til vaktavinnustarfa í olíustöðinni í Örfirisey. Olíustöðin Örfirisey er stærsta olíubirgðastöð landsins. Í birgðastöðinni er unnið á vöktum og felst vinnan í vöktun birgðastöðvar, losun og lestun olíuskipa, afgreiðsla eldsneytis til skipa og rekstur dælubúnaðar og skilvinda.
**Nánari upplýsingar veitir Helgi Árnason í síma 550 9938. Umsóknir sendist á odr@odr.is fyrir 7. desember. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is**

## fasteignir

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 562 4250

# Dugguvogur 8 – Reykjavík



BYGG
**TIL LEIGU**

Til leigu húsnæði, 910 fm., sérinnréttað fyrir matvælaiðnað við Dugguvog 8 í Reykjavík, þar sem Esja var áður til húsa. Góð skrifstofu aðstaða á millilofti. Innkeyrsluhurð. Möguleiki á að breyta húsnæðinu eftir þörfum leigutaka. **Upplýsingar veitir Gunnar í síma 693-7310.**

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

## tilkynningar

AIG Europe Limited
Skráð skrifstofa: The AIG Building, 58 Fenchurch Street, London, EC3M 4AB
Company number: 01486260

**YFIRLÝSING UM YFIRFÆRSLU VÁTRYGGINGASTOFNS OG NAFNABREYTINGU**

Þann 1. desember 2012 mun Chartis Europe S.A. ("CESA") flytja vátryggingastofn félagsins (þar á meðal vátryggingaskírteini útgefin vegna áhættu sem staðsett er á Íslandi á grundvelli þjónustufrelsis ESB/EES) til Chartis Europe Limited. Þá mun jafnframt ljúka samruna CESA og Chartis Europe Limited. Chartis Europe Limited mun frá og með 3. desember 2012 bera heitið AIG Europe Limited.
Flutningur vátryggingastofnsins hefur í för með sér, að félagið innan AIG samsteypunnar, sem hefur undir höndum persónuupplýsingar vátryggingataka, hefur nú einnig tekið upp heitið AIG Europe Limited í stað Chartis Europe S.A. Meðferð persónuupplýsinga vátryggingataka og vernd þeirra helst óbreytt. Unnt er að nálgast nánari upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga í viðeigandi tryggingaskírteini eða á heimasíðu þess útíbús sem er útgefandi vátryggingaskírteinis, sjá vefsíðu félagsins: www.chartisinsurance.com/worldwide.

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
Kjöreign ehf
**Opnunartími mán-fös kl. 9-17**
**Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali**

**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**

### Eldriborgarar



**Hjallasel, Rvík.** Parhús fyrir eldri borgara. Húsið er um 69,0 fm. á einni hæð. Lýsing eignar. Flísalögð forstofa m/fatahengi. Þvottahús og geymsla með glugga. gangur, stofa m/hurð út á hellulagða verönd og garð í suðaustur. Sér bílastæði heim við hús. Laus strax. **Verð: 21.0 millj.**



**Vogatunga, Kóp.** Raðhús á á einni hæð - FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI. Stærð 73,2 fm. Húsið skiptist: Í gott anddyri, eldhús, stofu, rúmgott svefnherbegi, baðherbegi og geymslu. Sér verönd út frá stofu í suður. Laust strax. **Verð: 23,5 millj.**

### 2ja herb. Íbúðir



**Bláhamrar m/ bílskýli.** 2ja herb. íbúð á 5.hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílgeymslu. Stærð íbúðar 65,0 fm. LÝSING. Forstofa, stofa, eldhús, svefnherbergi, geymsla, baðherbergi og yfirbyggðar svalir í vestur. Glæsilegt útsýni. **Verð 20,4 millj.**

### 3ja herb. íbúðir



**Baugakór m/ bílskýli.** Huggulega innréttiuð 3ja herb. íbúð á 1.hæð í fjölbýli. Sérinngangur. Stæði i bílgeymslu. Stærð 87,6 fm. Suður svalir. Laus fljótlega. **Verð: 25,8 millj..**



**Hamravík m/ bílskúr.** Björt og fallega innréttuð 4ra herb. íbúð á 2.hæð um 126,5 fm. í fjölbýli ásamt innbyggðum bílskúr. Sér inngangur. Góð staðsetning í nálægð við skóla. **Verð: 34,5 millj.**



**Dalsel m/Bílskýli.** Rúmgóð 4ra herb. endaíbúð á 2.hæð í fjölbýli ásamt stæði í bílgeymslu. Stærð 106,9 fm. Sér þvottahús í íbúð. Frábært útsýni. Suðvestur svalir. Laus í janúar. 2013. **Verð: 22,4 millj.**



**Fífusel m/bílskýli.** Góð 4ra til 5 herb. íbúð á 3.hæð ásamt stæði í bílgeymslu, herbergi og geymsla í kjallara. Íbúðin er skráð 101,2 fm, herbergi í kjallara er skráð 14,5 fm og geymslan er skráð 6,9 fm. Heildarstærð er 122,6 fm. Vel skipulögð íbúð. **Verð: 23,5 millj.**



**Krummahólar m/ bílskúr.** Rúmgóð og mikið endurnýjuð 4ra til 5 herb. endaíbúð 7.hæð í lyftuhúsi. Stærð eignar er alls 142,6 fm. þ.e. íbúð 116,6 fm. og bílskúr 26,0 fm. Afhending samkomulag. **Verð: 26,8 millj.**



**Hrafnhólar, Rvík.** Mjög góð 4ra til 5 herb. íbúð á 7.hæð í lyftuhúsi. Húsið er allt klætt að utan. Búið að loka svölum með gler rennihurðum. Mikið útsýni. Góð staðsetning, Stærð 126,7 fm. **Verð 23,8 millj.**



**Ásakór, Kóp.** ÁSAKÓR, Kóp. Falleg og huggulega innréttuð 4ra herb. íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Stærð 132,8 fm. Vandaðar innréttingar. Parket á gólfum. Þvottahús í íbúð. Laus strax. Yfirtaka á lánum. **Verð: 30,3 millj.**

### Raðhús/Parhús.



**Ásholt m/bílskýli.** Miðbær, fallegt 182,6 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt tveimur stæðum í góðri lokaðri bílageymslu. Stærð hússins er 129 fm en bílastæðin eru 26,8 fm hvort og eru innifalin í heildarstærð hússins þ.e. 182,6 fm. FRÁBÆR STAÐSETNING, Húsvörður. **Verð kr. 39,9 millj.**



**Urðarbakki m/ bílskúr.** Raðhús á þremur pöllum með innbyggðum bílskúr. LÝSING. Inngangshæðin. forstofa, þvottahús, snyrting, búr, eldhús og bílskúr. Efri hæðin. Stofa og eitt svefnherbergi, stórar suðvestur svalir. Á jarðhæð er gert ráð fyrir fjórum herbergjum og baðherbergi, tvö minni herbergin hafa verið sameinuð, notuð sem sjónvarpsstofa og þar er hurð út í sólskála sem er ca. 12,0 fm. **Verð: 38,7 millj.**



**Funafold m/bílskúr.** Parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr innst í lokuðum botnlanga. Neðri hæðin. Forstofa, hol, eldhús, gestasnyrting, stofa og stór sólpallur í suður. Efri hæðin . Fjögur svefnherbergi, sjónvarpsskáli, baðherbergi, þvottahús og svalir. **Verð: 43,0 millj.**

### Einbýlishús



**Sólbrekka, Húsavík.** Sólbrekka, 640-Húsavík. Einbýlishús á þremur pöllum ásamt sérbyggðum bílskúr. Húsið er 222,8 fm. bílskúr og geymsla þar undir eru 2x40 = 80,0 fm. ásamt bílskúr er stærð alls hússins er 302,8 fm. Laust strax. **Verð 26,8 millj.**

### VERSLUNARHÚSNÆÐI

**Laugavegur, 101-Rvík.** Ný glæsileg verslunarhúsnæði á besta stað við Laugaveg, Reykjavík. Húsnæðin er á jarðhæð með góðum gluggum á framhlið. Á gólfum er dúkur. Góð lýsing. Frábær staðsetning. Góðir húsaleigusamningar.



## Tillögur að breytingum á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, deiliskipulagi Giljahverfis og deiliskipulagi Borgarbrautar - Vestursíðu

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með:

- Tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur m.a. í sér að íbúðarsvæði nr. 1.42.1 Íb og svæði fyrir þjónustustofnanir nr. 1.42.2 S stækka. Ný götutenging inná íbúðarsvæðið verður frá Borgarbraut.

- Tillögu að breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur m.a. í sér stækkun á lóð Giljaskóla og nýja íbúðarlóð vestan skólans með aðkomu frá nýju hringtorgi á gatnamótum Borgarbrautar og Bugðusíðu.

- Tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgarbrautar - Vestursíðu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur m.a. í sér að lóð Vestursíðu 8 minnkar og afmörkun svæðisins verður samræmd deiliskipulagsmörkum Giljahverfis.

Tillögurnar falla undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fylgja þeim umhverfisskýrslur. Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum og umhverfisskýrslum mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 28. nóvember 2012 til 9. janúar 2013 svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is/ skipulagsdeild undir: Auglýstar tillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 9. janúar 2013 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagsdeild@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillögurnar innan þessa frests telst vera þeim samþykkur.

*28. nóvember 2012*
*Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar*

Akureyri
Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# HEIMABÍÓ
# Í EINUM HÁTALARA

Bluetooth®

JBL by HARMAN



## Einfaldlega tengt og spilað. Soundbar heimabíó með HARMAN Display Surround tækni og Bluetooth tengingu

JBL Cinema SB200 er alhliða heimabíókerfi í einum hátalara sem streymir tónlist úr símanum gegnum Bluetooth og bætir stórkostlega hljómflutning fyrir sjónvarpstækið. Þetta er einföld og þægileg lausn og hægt að stýra tækinu með sjónvarpsfjarstýringunni. JBL Cinema SB200 heimabíókerfið er hannað til að sóma sér vel með flatskjám og er tilvalið fyrir þá sem vilja yfirburða hljómgæði með kröftugum bassa í tæki sem fer lítið fyrir og er einfalt í uppsetningu. Tækið byggir á einstakri tækni HARMAN Display Surround og er með innbyggðri Dolby-Digital kóðun, analog og optical stafræna innganga auk bass boost. Bluetooth tengingin gefur svo kost á að streyma tónlist beint frá snjallsíma eða hvaða tæki sem er með Bluteooth þráðlaust yfir í tækið.

HELSTU KOSTIR

- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Harman Display Surround tækni
- Einfalt í uppsetningu



**JBL Cinema SB200**

**VERÐ ▶ 59.990**




# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** báru að, **6.** ógrynni, **8.** hlaup, **9.** kverk, **11.** tveir eins, **12.** heimting, **14.** ullarefni, **16.** tímaeining, **17.** dá, **18.** svörður, **20.** kusk, **21.** fiskur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistarstíll, **3.** líka, **4.** planta, **5.** hár, **7.** undirbúningspróf, **10.** óvild, **13.** fálm, **15.** skán, **16.** tunnu, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** komu, **6.** of, **8.** gel, **9.** kok, **11.** ll, **12.** krafa, **14.** pluss, **16.** ár, **17.** mók, **18.** mór, **20.** ló, **21.** ufsi.

**LÓÐRÉTT: 1.** rokk, **3.** og, **4.** melasól, **5.** ull, **7.** forpróf, **10.** kal, **13.** fum, **15.** skóf, **16.** ámu, **19.** rs.











*Bókakonfekt á*
*CAFÉ ROSENBERG*
**HÖFUNDAR FORLAGSINS KYNNA BÆKUR SÍNAR MIÐVIKUDAGINN 28. NÓVEMBER KL. 20**

FYRSTU HUNDRAÐ GESTIRNIR
FÁ FRÍAN DRYKK
*ÓKEYPIS AÐGANGUR*


# Stress yfir litlu stressi

**BAKPANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Ég er ekki komin í nokkurt einasta jólaskap, finn ekki fyrir neinu, ekki einu sinni fiðringi í nösum þó ég gangi fram á nýflysjaða mandarínu og opinn piparkökudunk. Aðventan hefst á sunnudaginn og löngu búið að skreyta miðbæinn í borginni. Jólalögin eru farin að hljóma í útvarpinu og jólaauglýsingar dynja á hlustunum.



**ÞETTA** ástand er mér ekki eðlilegt. Venjulega þarf ég að halda aftur af mér til að ofbjóða ekki samborgurum mínum með því að hengja út jólaljósin í september. Æ, fólk móðgast svo auðveldlega yfir jólaskreytingum. Margir vilja ekki sjá að neitt glitri í glugga fyrr en aðventan gengur í garð og þusa yfir því hve snemma stórverslanirnar auglýsa að „jólin séu komin“. Vita ekki hvert þeir ætla ef heyrist jólalag í útvarpi fyrir fyrsta des og jagast yfir smákökubakstri þeirra fyrirhyggjusömu sem skelltu í sort í október.

**ÉG HEF** aldrei móðgast neitt. Fæ bara fiðrildi í maganum. Það er gaman á jólunum og enn þá skemmtilegra að bíða eftir þeim. Eða það hefur mér allavega fundist hingað til. Núna gapa gluggarnir tómir hjá mér út í nóvembermyrkrið og ég er ekki einu sinni viss um hvar seríurnar er að finna. Man ekki hvar ég gekk frá þeim í geymslunni og nenni ekki niður að leita.

**ÞETTA** er ekkert vit. Ég verð að koma mér í gírinn, en strax um helgina stendur til laufabrauðsbakstur hjá skólastelpunni minni og jólaball stuttu eftir það með skoppandi jólasveinum og tilheyrandi sprelli. Það fer enginn með ólund á svoleiðis samkomur, maður verður að vera í stuði.

**EN HVAÐ** er til ráða? Miðað við hve jólaskapið er fjarri mér enn veit ég ekki hvort ég get treyst á að það komi af sjálfu sér áður en klukkurnar hringja jólin inn. Ég hef reynt að hlusta á „Last Christmas“ með Wham en án árangurs. Ég er búin að borða mandarínur, piparkökur, smákökur og konfekt, drekka heitt súkkulaði, malt og appelsín og jólabjór! En allt kemur fyrir ekki.

**SJÁLFSAGT** fer ég kolvitlaust að þessu. Jólin snúast ekkert bara um smákökur og malt eða jólalög frá áttatíu og eitthvað. Ef ég staldra aðeins við og tóna niður taugatitringinn yfir því hve lítill taugatitringur sé kominn í gang, kemur þetta kannski. Best að ég sæki seríurnar í kvöld.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 28. NÓVEMBER 2012**



### Upplestur

**20.00** Höfundar lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum á Bókakonfekti Forlagsins á Café Rosenberg. Aðgangur er ókeypis.

### Bókmenntir

**20.00** Menningarmiðstöðin Gerðubergi heldur bókakaffi í umsjón Jóns Björnssonar. Gluggað verður í Heimskringlu, Gerplu og Geisla.

### Dans

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur og Jón Freyr.

**20.30** Gömlu dansarnir verða dansaðir í sal Þjóðdansafélags Reykjavíkur, Álfabakka 14A. Lifandi tónlist og allir velkomnir.

### Fyrirlestrar

**12.00 Margrét Hallgrímsdóttir** þjóðminjavörður heldur erindið Safnastarf í norrænu samhengi í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



# Við erum, sem sagt, manneskjur

BÆKUR ★★★☆☆

**Fyrir Lísu**
Steinunn Sigurðardóttir
**BJARTUR**




Að segja frá leyndarmáli sem hefur þjakað þig í áratugi getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar og ekki endilega allar jákvæðar. Það fær vinur okkar, krabbameinslæknirinn Martin Montag, að reyna á eigin skinni í bókinni Fyrir Lísu eftir Steinunni Sigurðardóttur. Martin þekkjum við úr snilldarverkinu Jójó sem kom út í fyrra sem lauk einmitt með því að hann trúði vini sínum Martin Martinetti fyrir leyndarmálinu, fékk aðra sögu á móti og þeir nafnar tengdust á enn dýpri og víðtækari hátt en áður.

Fyrir Lísu er kynnt sem sjálfstætt framhald Jójós, en það hlýtur að vera þrautin þyngri fyrir lesendur sem ekki hafa lesið fyrri bókina að ná áttum í þessari. Frásögnin heldur áfram í beinu framhaldi, klukkutímum eftir að frásögninni í Jójó lauk, og lítið púður er lagt í að rifja upp það sem á undan er gengið. Sem er mikill kostur fyrir þá sem lásu Jójó en hlýtur að vera frústrerandi fyrir þá sem ekki lásu hana. Rétt er því að ráðleggja lesendum að byrja á Jójó áður en lagt er í Fyrir Lísu enda verður enginn svikinn af þeim lestri.

Með því að segja vini sínum frá leyndarmálinu hefur Martin hrint af stað snjóbolta sem stöðugt hleður utan á sig og hann fær ekki stöðvað þótt hann hálft í hvoru vildi. Hann verður að segja frá ofbeldinu, ekki bara gegn sér heldur ekki síður gegn Lísu, dóttur ofbeldismannsins sem hann kynntist sem kandídat á geðdeild. Það er hugsunin um Lísu sem knýr hann áfram og hann segir sögu sína og hennar aftur og aftur; lögreglu, sálgreinanda, konu sinni og fleirum. Eftir því sem oftar er sagt frá færist áherslan og fleiri svik skjóta upp kolli. Lausn er þó ekki endilega í sjónmáli, því eins og sálgreinandinn stórskrýtni í kjallara kapellunnar bendir á: Það er engin lækning til við þessu meini. Engin.

Stíll Steinunnar er sem fyrr fágaður og agaður og setningarnar bráðna í munni, kæta og græta. Húmor hennar fær hér einnig meira svigrúm en í Jójói og heimsóknin til sálgreinandans fer hiklaust á blað með kómískustu atriðum á hennar ferli. Lýsingar á samskiptum þeirra hjóna, Martins og Petru, eru líka magnþrungnar og ægifagrar, en í það heila vantar slagkraftinn sem Jójó bjó yfir. Ógnin sem yfir vofði er komin fram úr fylgsninu og um leið færist þungi frásagnarinnar yfir í útskýringar og greiningar á barnaníði með æði misjöfnum árangri. Kannski ráðleggingin sem Steinunn segist hafa fengið fyrir löngu: Ekki skrifa um þetta efni, það er ekki hægt, eigi þrátt fyrir allt við einhver rök að styðjast.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fallega stílað framhald meistaraverksins Jójós. Brilljant á köflum en líður fyrir samanburðinn og nær ekki fram sömu ógnaráhrifum.


# Haustþing Rannís 2012

28. nóvember kl. 8.30-10.30 á Grand hótel Reykjavík



## Fjármögnun rannsókna – hvert stefnir?

Á haustþingi Rannís verður fjallað um fjármögnun háskóla með áherslu á fjármögnun rannsókna. Rætt verður um hvert við viljum stefna í grunnfjármögnun háskóla á Íslandi og þau tækifæri sem felast í nánara samstarfi háskóla við rannsóknarstofnanir og fyrirtæki.

**Dagskrá**

8:30 **Setning haustþings Rannís**
Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra

8:40 **Grunnfjármögnun háskólastigsins**
Magnús Lyngdal Magnússon, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu

9:00 **Hvernig verða háskólar framtíðarinnar fjármagnaðir?**
Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands

9:15 **Rannsóknartengt framhaldsnám: Markmið og fjármögnun**
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík

9:30 **Samstarf háskóla og fyrirtækja**
Hilmar Janusson, forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

9:45 **Háskólar, rannsóknastofnanir og atvinnulíf – Markaðsdrifin virðiskeðja?**
Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís

10:00 **Rannsóknir í þágu þjóðar – sjónarhorn atvinnulífs á rannsóknir**
Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins

**Fundarstjóri:** Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís
**Morgunmatur fyrir gesti frá kl. 8:00**

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

KRÓNAN



STJÓRNMÁL • BANKAR OG FJÁRMÁLAMARKAÐUR • ATVINNULÍF • NÁTTÚRUHAMFARIR • GLÆPIR OG DÓMSMÁL • FJÖLMIÐLAR • SAMSKIPTI VIÐ UMHEIMINN • NÁTTÚRUVERND OG UMHVERFI

# ÍSLAND Í AL

# 2001-

# Árin sem aldrei

Fyrsti áratugur 21. aldarinnar
var ævintýralegt tímabil hér á landi
svo ekki sé meira sagt.
Hér er öllum helstu merkisviðburðum
gerð ítarleg skil en ýmsum veigaminni
þáttum, skondnum eða skelfilegum,
jafnframt haldið til haga.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

**Ríkulega myndskreytt – um 800 ljósmyndir**




ÁRATUGUR ÖFGANNA

SMÁL • ELDSVOÐAR OG SLYSFARIR • IÐNAÐUR OG ORKUMÁL • LEIKLIST OG KVIKMYNDIR • MYNDLIST OG HÖNNUN • BÆKUR OG BÓKAÚTGÁFA • TÍSKA OG LÍFSSTÍLL • DÆGURMÁL • ÍÞRÓTTIR

# DANNA RÁS

-2010

# mega gleymast

Lettneskur fjöldamorðingi í fiskvinnslu á Dalvík
Falun Gong
Bolludagsmálið
Hrunið
Samráð olíufélaganna
Lík finnst í Norðfjarðarhöfn
Innmúraðir og innvígðir tölvupóstar
Voðaverk í Breiðuvík
Hass í húsbíl
Hvítabjarnarsumarið mikla
Jóhanna Guðrún heillar Evrópu
Nímenningar ákærðir
Baráttan um vatnið
Guð blessi Ísland




448 blaðsíður í stóru broti




SAGA LANDS OG ÞJÓÐAR ÁR FRÁ ÁRI



**SIGUR** Sigurlið Austurbæjarskóla var fjölmennt, en atriði þess fjallaði um pressuna sem fylgir því að skera sig úr hópnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ungt og leikur sér

Austurbæjarskóli vann Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanema, í Borgarleikhúsinu á þriðjudag. Það var í þriðja sinn sem skólinn sigrar í keppninni.



**HÁTÍÐARSKAP** Sjálfur jólasveinninn var meðal æstra áhorfenda í Borgarleikhúsinu.



**GAMALT OG NÝTT** Borgarstjórinn Jón Gnarr kynnti úrslitin ásamt syni sínum.



**TRÚÐSLÆTI** Þessar stúlkur voru heldur ófrýnilegar á að líta.



**GLEÐIN RÉÐI RÍKJUM** Krakkarnir fögnuðu hátt og vel og tók borgarstjórinn þátt í fagnaðarlátunum með þeim.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SILVER LININGS PLAYBOOK | 8, 10.25 | 12 |
| NIKO 2 | 6 | L |
| THE TWILIGHT SAGA PART 2 | 10.25 | 12 |
| SKYFALL | 10 | 12 |
| PITCH PERFECT | 5.50, 8 | 12 |
| WRECK-IT RALPH 3D | 5.40 | L |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| POSSESSION | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| POSSESSION LUXUS VIP | KL. 10:30 | VIP |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN 2 VIP | KL. 5:30 - 8 | VIP |
| WRECK IT RALPH ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |
| WRECK IT RALPH ENS. TALI | KL. 8 - 10:10 | L |
| ARGO | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:50 - 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE POSSESSION | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL. TALI 3D | KL. 6 | L |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 | KL. 8 | 12 |
| ARGO | KL. 10:20 | 14 |
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL. TALI | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HERE COMES BOOM | 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARGO | KL. 8 - 10:30 | 14 |
| CLOUD ATLAS | KL. 8 | 16 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL3D | KL. 5:30 | L |
| WRECK-IT RALPH ENS TAL | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| POSSESSION | KL. 8 - 11 | 16 |
| TWILIGHT | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 10:10 | 12 |
| WRECK IT RALPH ÍSL. TALI | KL. 5:5H0 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT BREAKING | KL. 10:20 | 12 |
| THE POSSESSION | KL. 8 - 10 | 16 |
| HERE COMES THE BOOM | KL. 8 | 7 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| HERE COMES THE BOOM | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| NIKO 2 | KL. 4 - 6 | L |
| PITCH PERFECT | KL. 5.30 - 8 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 3.30 | 7 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| TEDDI LANDKÖNNUÐUR | KL. 3.30 | L |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 6 - 8 - 10.40 | 12 |
| SNABBA CASH 2 | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| SKYFALL | KL. 9 | 12 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 | 10 |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HERE COMES THE BOOM | KL. 8 | 7 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 5.50 - 8 | 12 |
| SNABBA CASH 2 | KL. 10.15 | 16 |
| PITCH PERFECT | KL. 5.50 | 12 |
| SKYFALL | KL. 10 | 12 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

MIÐVIKUDAGUR: SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:20 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SHADOW DANCER 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 22:00 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 18:00, 20:00 ■ KÓNGAGLENNA (14) 17:30 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ SHADOW DANCER (L) 22:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.




# HIÐ MIKLA TEXTASAFN MEGASAR

Megas er einn afkastamesti og ástsælasti textasmiður okkar og hér eru í einni bók allir textarnir hans. Margir hafa verið á allra vörum um árabil en aðrir hafa hvergi birst áður.

**Gefin út með fjórum mismunandi kápum, full af skemmtilegum ljósmyndum og teikningum meistarans.**




ÞESSI KJÖRGRIPUR ER
JÓLAGJÖF SAFNARANS Í ÁR

**„Textabók Megasar mun gleðja fjölmarga aðdáendur hans og lýsir menningarlegum metnaði þeirra sem að henni standa.“**
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

**„Megas er stórskáld, það leynir sér ekki á bókinni.“**
EGILL HELGASON / SILFUREGILS.EYJAN.IS

**„Mér finnst hann náttúrlega algerlega júník ljóðskáld í íslensku samhengi.“**
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*




**Allir deildarleikir (15) Jafntefli 2 8:5** **Þýska deildin (7) 5:2** **Íslenska deildin (8) Jafntefli 2 3:3**

FRÉTTABLAÐIÐ/SILJA

# UPPGJÖR GÖMLU HERBERGISFÉLAGANNA

Alfreð Gíslason og Guðmundur Guðmundsson stýra tveimur bestu liðum Þýskalands í dag. Þessir gömlu herbergisfélagar í íslenska landsliðinu mætast með lið sín í risaslag í SAP Arena kvöld og er toppsætið í þýsku úrvalsdeildinni undir.

**HANDBOLTI** Stórleikur ársins í þýska handboltanum fer fram í kvöld. Þá tekur topplið deildarinnar, Rhein-Neckar Löwen, á móti Þýskalandsmeisturum Kiel.

Löwen er búið að vinna alla leiki sína í deildinni en Kiel hefur gert eitt jafntefli og situr í öðru sæti, aðeins stigi á eftir Löwen.

Löwen hefur komið allra liða mest á óvart í vetur með frábærri spilamennsku undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar. Stærsta próf vetrarins er þó í kvöld er liðið fær að glíma við lærisveina Alfreðs Gíslasonar sem hafa spilað 50 leiki í röð í deildinni án þess að tapa. Það er einstakur árangur.

Ef eitthvert lið í Þýskalandi getur stöðvað þetta ótrúlega gengi Kiel þá er það hið sjóðheita lið Löwen sem er þess utan á heimavelli og verður dyggilega stutt af rúmlega 13 þúsund áhorfendum í SAP Arena. Það er löngu uppselt á leikinn og sagði Guðmundur við Fréttablaðið á dögunum að þeir hefðu auðveldlega getað selt hátt í 20 þúsund miða á leikinn.

Þjálfarar liðanna, Alfreð og Guðmundur, eru gamlir félagar. Þeir léku lengi vel með landsliðinu á sínum tíma og voru þá herbergisfélagar. Þeir hafa einnig báðir stýrt íslenska landsliðinu.

### Landsliðsþjálfarinn spáir Kiel sigri

Gríðarleg spenna er í Þýskalandi fyrir uppgjöri gömlu herbergisfélaganna. Tekst Guðmundi að velta Alfreð og félögum af stalli í bili eða fer Kiel eina ferðina enn á toppinn?

Landsliðsþjálfari Þýskalands, Martin Heuberger, á ekki von á því að Guðmundi og lærisveinum hans takist að velta Kiel af stalli sínum að þessu sinni.

„Kiel er of sterkt lið fyrir Löwen eins og staðan er í dag. Er með sterkara byrjunarlið og meiri breidd á bekknum að auki. Það munar mikið um það,“ sagði Heuberger en hann spáir því að markverðirnir verði í lykilhlutverki eins og svo oft áður.

„Löwen er með besta markvarðapar deildarinnar, Niklas Landin og Goran Stojanovic. Thierry Omeyer hjá Kiel er aftur á móti oftast bestur þegar allt er undir.“

Leikurinn hefst klukkan 19.15 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

henry@frettabladid.is

**50** leiki hefur lið Alfreðs, Kiel, spilað í röð án þess að tapa.

**12** leiki hefur lið Guðmundar, Rhein-Neckar-Löwen, unnið í vetur eða alla deildarleiki sína.










# Stórleikir í enska í kvöld

## Spurs tekur á móti Liverpool á White Hart Lane

**FÓTBOLTI** Það er risakvöld fram undan í enska boltanum en þá fara fram einir átta leikir. Stórleikur kvöldsins er viðureign Tottenham og Liverpool og spurning hvort Gylfi Þór Sigurðsson fái tækifæri með Spurs í kvöld en hann hefur mátt sætta sig við ansi mikla bekkjarsetu upp á síðkastið.

Gylfi gat valið um að fara til Tottenham eða Liverpool í sumar og valdi Spurs. Því hafa stuðningsmenn Liverpool ekki gleymt.

Tottenham er í sjöunda sæti deildarinnar með 20 stig en Liverpool er í því ellefta með 16 stig.

Topplið deildarinnar, Man. Utd, fær West Ham í heimsókn en Lundúnaliðið hefur komið skemmtilega á óvart í vetur og er í áttunda sæti.

Rafa Benitez, stjóri Chelsea, þarf svo að sætta sig við meira baul frá stuðningsmönnum félagsins á heimavelli er liðið fær nágranna sína í Fulham í heimsókn.

Sex leikir hefjast klukkan 19.45 en leikir Manchester-liðanna hefjast báðir klukkan 20.00. **- hbg**



**FÆR HANN TÆKIFÆRI?** Gylfi Þór hefur ekki fengið mörg tækifæri upp á síðkastið en það gæti breyst í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

### ➜ Leikir kvöldsins

Southampton–Norwich
Stoke–Newcastle
Swansea–WBA
Tottenham–Liverpool
Chelsea–Fulham
Everton–Arsenal
Man. Utd–West Ham
Wigan–Man. City



**SARA BJÖRK** Spilar með Malmö. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Malmö mætir meisturunum

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í fjórðungsúrslit Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu kvenna. Sænska liðið Malmö mætir Evrópumeisturunum í Lyon frá Frakklandi.

Þóra Björg Helgadóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir leika með Malmö en leikirnir fara fram í lok mars annars vegar og byrjun apríl hins vegar.

Lyon hefur unnið Meistaradeildina síðustu tvö ár en engu liði hefur tekist að vinna keppnina þrjú ár í röð. Hinar viðureignirnar eru á milli Arsenal og Torres frá Ítalíu. Franska liðið Juvisy Essone mætir Gautaborg frá Svíþjóð og þýska liðið Wolfsburg lenti á móti rússneska liðinu Rossiyanka.

# Ég var ekki vítaskytta

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen segir að það hafi ekki verið búið að útnefna hann vítaskyttu Cercle Brugge þegar hann skoraði í sínum fyrsta leik með liðinu í belgíska boltanum. Eiður Smári kom inn á sem varamaður í sínum fyrsta leik í haust og skoraði skömmu síðar úr vítaspyrnu. Síðan þá hefur hann skorað fjögur mörk til viðbótar fyrir félagið.

„Ég var ekki á lista yfir vítaskyttur liðsins. Ég held að það sé til listi en ég veit ekki hvaða nöfn voru á honum,“ er haft eftir Eiði Smára í belgískum fjölmiðlum.

„Ég tók upp boltann og hugsaði með mér að þetta væri gott tækifæri til að skora mitt fyrsta mark hér,“ bætti hann við.






# DAGSKRÁ



## Stöð 2 Sport 2 kl. 19:30
### Tottenham – Liverpool

Bein útsending frá leik Tottenham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn er sýndur í HD á Stöð 2 Sport en í kvöld eru einnig leikir Man. Utd. og West Ham á Sport 3, Everton og Arsenal á Sport 4, Chelsea og Fulham á Sport 5 og Wigan og Man. City á Sport 6.

## Í KVÖLD



### Drop Dead Diva

**Stöð 2 kl. 21.00** Fyrirsætan Deb deyr í bílslysi en þegar til himna er komið nær hún að ýta á takka til að koma sér aftur til jarðar. Smávægilegur misskilningur varð þó til þess að hún vaknaði upp í öðrum líkama og lifir nú lífinu sem bráðsnjalli lögfræðingurinn Jane Bingum.

| TV.COM | IMDb |
|---|---|
| 8,3 | 7,3 |



### Top Chef

**Skjár 1 kl. 20.25** Þokkagyðjan Padma Lakshmi stýrir þessum bandaríska raunveruleikaþætti þar sem efnilegir matreiðslumenn gefa allt sitt til að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Í þessum fyrsta þætti í seríunni eru þátttakendurnir boðnir velkomnir til New York-borgar.

| TV.COM | IMDb |
|---|---|
| 8,6 | 7,1 |



### Inkheart

**Stöð 2 Bíó kl. 15.30** Ævintýramynd þar sem Brendan Fraser leikur föður Elizu Bennett. Þau feðgin hafa bæði mikla ástríðu fyrir bókum og eiga þann hæfileika sameiginlegan að gæða persónur bókanna lífi þegar þau lesa upphátt um þær. Það er þó ekki eintóm gleði og skemmtun.

| Rotten Tomatoes | IMDb |
|---|---|
| 39% | 6,0 |

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Gestakomur í Sauðlauksdal **15.25** Bókaþing **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Hvað er stjórnun? **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.20 Íþróttaannáll 2012** *(e)* Íþróttafréttamenn rekja helstu viðburði ársins 2012.
**15.55 Djöflaeyjan** *(e)*
**16.35 Hefnd** *(6:22) (Revenge) (e)*
**17.20 Einu sinni var...lífið** *(e)*
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geymslan**
**18.25 Hvað veistu? - Svefnrannsóknir og engisprettur** *(Viden om: Slankesövn, angstdrömme og græshopper)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Stofnfruman og leyndardómar hennar** Heimildamynd eftir Elínu Hirst og Ásvald Kristjánsson. Í myndinni er fylgst með krabbameinsmeðferð raunverulegs sjúklings með aðstoð eigin stofnfruma.
**20.50 Dans dans dans - Dansar í úrslitum** Sýndir eru dansararnir sem eru komnir í úrslitakeppnina.
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Af hverju fátækt? - Velkomin í heiminn** *(Why Poverty? - Welcome To the World)*
**23.15 Völundur - nýsköpun í iðnaði** *(2:5) (Virðisauki úr jarðhita og líftækni) (e)*
**23.45 Svona á ekki að lifa** *(5:6) (How Not to Live Your Life) (e)*
**00.15 Kastljós** *(e)*
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.40 Inkheart**
**12.25 Shark Bait**
**13.40 The Last Song**
**15.30 Inkheart**
**17.15 Shark Bait**
**18.30 The Last Song**
**20.20 I Could Never Be Your Woman**
**22.00 Knight and Day**
**23.50 Virtuality**
**01.20 I Could Never Be Your Woman**
**03.00 Knight and Day**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(22:22)*
**08.30 Ellen** *(51:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(32:175)*
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Perfect Couples** *(5:13)*
**11.20 Community** *(21:25)*
**11.40 The No. 1 Ladies' Detective Agency** *(2:7)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** *(11:24)*
**13.25 Gossip Girl** *(15:24)*
**14.10 The Glee Project** *(9:11)*
**15.00 Big Time Rush**
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(52:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(2:23)*
**19.45 Modern Family** *(17:24)*
**20.10 New Girl** *(6:22)*
**20.35 Up All Night** *(18:24)*
**21.00 Drop Dead Diva** *(7:13)*
**21.50 Touch** *(6:12)* Yfirnáttúrulegir dramaþættir frá höfundi Heroes með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn.
**22.40 American Horror Story** *(4:12)* Dulmagnaður spennuþáttur um fjölskyldu frá Boston sem flytur til Los Angeles. Fjölskyldan finnur draumahúsið en veit ekki að þar er reimt.
**23.25 Neyðarlínan**
**23.55 Person of Interest** *(5:23)*
**00.40 Revolution** *(8:22)*
**01.25 Breaking Bad** *(12:13)*
**02.15 Rancid Aluminium**
**03.45 Black Sheep**
**05.10 Grey's Anatomy** *(7:24)*
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Magdeburg - Fuchse Berlin**
**17.45 Þýski handboltinn: Magdeburg - Fuchse Berlin**
**19.10 Þýski handboltinn: RN Löwen - Kiel** BEINT Þetta er einvígi toppliðanna í deildinni og Íslendingar eru í aðalhlutverkum. Guðmundur Guðmundsson er þjálfari Löwen og Alexander Petersson leikur með liðinu en Alfreð Gíslason er þjálfari Kiel og þeir Aron Pálmarsson og Guðjón Valur Sigurðsson leika með liðinu.
**20.50 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**21.20 Spænsku mörkin** Sýndar svipmyndir frá leikjunum í spænsku úrvalsdeildinni.
**21.50 Spænski boltinn: Levante - Barcelona**
**23.30 Þýski handboltinn: RN Löwen - Kiel**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Aston Villa - Reading**
**15.40 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**16.10 Sunderland - QPR**
**17.50 Aston Villa - Reading**
**19.30 Tottenham - Liverpool** BEINT
**21.45 Chelsea - Fulham**
**23.25 Man. Utd. - West Ham**
**01.05 Everton - Arsenal**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.35 UKI**
**08.45 Stubbarnir**
**09.10 Strumparnir**
**09.30 Brunabílarnir**
**09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Ævintýri Tinna**
**10.35 Búbbarnir** *(10:21)*
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.25 Xiaolin Showdown**
**17.50 Tricky TV** *(5:23)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 The Simpsons** *(17:24)* Herra Burns ákveður í hagræðingarskyni að loka kjarnorkuverinu í Springfield og flytja það til Indlands. Hómer er sá eini sem heldur vinnunni því hann fær það verkefni að fara utan og þjálfa indversku starfsmennina. Þar gengur allt eins og í sögu og Hómer er á endanum falið að reka verksmiðjuna og lýsir sjálfan sig Guð.
**17.25 Sjáðu**
**17.50 The Middle** *(14:24)*
**18.15 Gossip Girl** *(9:18)*
**19.00 Friends** *(19:24)* 19.50 How I Met Your Mother *(22:22)*
**20.10 American Dad** *(15:19)*
**20.35 The Cleveland Show** *(15:21)* Teiknimyndaþættir um líf Cleveland-fjölskyldunnar.
**21.00 Sons of Anarchy** *(2:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Hann þarf að takast á við ógnanir eiturlyfjasala, spilltra lögreglumanna og verktaka til að halda velli. Auk þess rekur hann löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.
**21.50 The Middle** *(14:24)* Gamanþáttaröð um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.
**22.15 American Dad** *(15:19)*
**22.40 The Cleveland Show** *(15:21)*
**23.05 Sons of Anarchy** *(2:13)*
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(79:175)*
**19.00 Ellen** *(52:170)*
**19.45 Two and a Half Men** *(6:24)*
**20.10 Entourage** *(6:12)*
**20.45 Curb Your Enthusiasm** *(5:10)*
**22.10 Two and a Half Men** *(6:24)*
**22.35 Entourage** *(6:12)*
**23.10 Curb Your Enthusiasm** *(5:10)*
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.35 Pepsi MAX tónlist**
**15.20 Parenthood** *(20:22) (e)*
**16.05 Top Gear** *(3:4) (e)*
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 Ringer** *(13:22) (e)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(31:48) (e)*
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(10:26) (e)*
**20.00 Will & Grace** *(10:24) (e)*
**20.25 Top Chef** *(1:15)*
**21.10 Last Resort** *(2:13)* Hörkuspennandi þættir um áhöfn kjarnorkukafbáts sem þarf að hlýða skipun sem í hugum skipstjórnenda er óhugsandi. Hinn efnilegi leikari Darri Ingólfsson fer með hlutverk í þáttunum. Eftir að áhöfnin flúði á eyðieyju eru óvinveittir hermenn frá Bandaríkjastjórn sendir á staðinn.
**22.00 CSI: Miami** *(10:19)*
**22.50 House of Lies** *(7:12)* Hárbeittir og ögrandi þættir um hina raunverulegu hákarla í bandarísku viðskiptalífi.
**23.15 Hawaii Five-0** *(7:24) (e)*
**00.00 Dexter** *(5:12) (e)*
**01.00 Last Resort** *(2:13) (e)*
**01.50 Green Room with Paul Provenza** *(3:6) (e)*
**02.15 House of Lies** *(7:12) (e)*
**02.40 Excused** *(e)*
**03.05 Everybody Loves Raymond** *(10:26) (e)*
**03.30 Pepsi MAX tónlist.**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** World Tour Championship **2012** (**3:4**) **12.10** Golfing World **13.00** World Tour Championship **2012** (**3:4**) **18.00** Golfing World **18.50** Chevron World Challenge (**4:4**) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (**39:45**) **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




Domino's Pizza®

www.dominos.is sími 58·12345

# LOKUM Í KVÖLD KL.20.00

Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.

Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!



**OPIÐ Í SKEIFUNNI**

FITON / SÍA

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



**„Sjónvarpsþátturinn Dexter er í uppáhaldi. Þættirnir eru svakalega góðir, vel leikstýrðir, vel leiknir og vel skrifaðir.“**

Vilius Petrikas er leikstjóri sem safnar styrkjum á Ruinsthemovie.com til að geta lokið við ráðgátu- og hryllingsmyndina Ruins.

# Kvikmyndahátíðin Riff ferðast til Rómar

Hátíðin Fjögur skref til hins glæsta norðurs hefst á fimmtudag. Sextán kvikmyndir verða sýndar.

„Það er mjög spennandi fyrir okkur að prófa þetta,“ segir Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi Riff-hátíðarinnar. Sextán kvikmyndir verða sýndar á íslenskri kvikmyndahátíð í Róm á Ítalíu sem hefst á fimmtudaginn. Hátíðin er haldin í fyrsta sinn í boði borgarstjórans í Róm til heiðurs Riff, Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, og kallast Fjögur skref til hins glæsta norðurs.

„Það er gaman að fara með myndir út fyrir landsteinana sem við höfum sýnt á Riff og þetta á örugglega eftir að vekja athygli á því sem er að gerast hér heima í íslenskri kvikmyndagerð og því sem hátíðin stendur fyrir,“ segir Hrönn. „Það hafa ekki verið mikil tengsl á milli borganna hvað menningaruppákomur varðar þannig að þetta er alveg frábært.“

Leikstjórarnir Friðrik Þór Friðriksson og Hafsteinn Gunnar Sigurðsson verða viðstaddir sýningu á myndum sínum Mamma Gógó og Á annan veg og sitja fyrir svörum í kjölfar sýninga. Jafnframt verða þeir viðstaddir umræður ásamt Hrönn og Giorgio Gosetti dagskrárstjóra. Hátíðin stendur yfir í fjóra daga og í boði verður brot af því besta sem sýnt hefur verið á Riff undanfarin tvö ár. Alls eru þetta sextán myndir, þar af þrjár stuttmyndir. Áhersla verður lögð á íslenskar myndir eða myndir sem tengjast Íslandi. Einnig verða sýndar erlendar myndir sem hafa unnið til verðlauna á Riff-hátíðinni.



**HLAKKAR TIL** Hrönn Marinósdóttir hlakkar mikið til að fara til Rómar með sextán myndir í farteskinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hátíðin er haldin í hinu þekkta bíói Casa del Cinema, sem Lonely Planet telur meðal áhugaverðari staða til að heimsækja í borginni. **- fb**

Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ

Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir






Vistvænar jólaskreytingar

Kirkjugarðarnir leggja áherslu á að jólaskreytingar á leiðum séu alfarið gerðar úr lífrænum efnum.

Eftir áramót er slíkum skreytingum fargað með vistvænum hætti í jarðgerð Kirkjugarðanna.




Sjá nánar á www.kirkjugardar.is

Starfsfólk
Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

# Hjaltalín ekki með á tónlistarverðlaununum

Enter 4 kom út of seint til að vera gjaldgeng í keppninni um bestu plötuna.

„Ég held að fólk skilji að það verður einhvers staðar að draga mörkin,“ segir María Rut Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Nýjasta plata Hjaltalín, Enter 4, er ekki gjaldgeng til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem verða afhent í febrúar á næsta ári. Ástæðan er sú að fresturinn til að skila inn tilnefningum hefur verið færður fram um tvær vikur, eða til 15. nóvember. Þær plötur sem koma út eftir þann tíma, þar á meðal Enter 4, koma því ekki til greina þegar verðlaunin verða afhent. Í staðinn eru þær gjaldgengar árið 2014.

Þessar nýju reglur áttu að taka gildi í fyrra en vegna þess að ný stjórn tók við frekar seint, eða í október í fyrra, var því frestað um eitt ár. „Íslensku tónlistarverðlaunin snúast um að vekja athygli á því sem er vel gert og að hjálpa til við sölu fyrir jólin. Í fyrra var tilkynnt um tilnefningarnar 16. desember en það hefði verið gott að gera það fyrr,“ segir María Rut en í ár verða þær tilkynntar föstudaginn 30. nóvember. Hún bætir við að Samtónn, samtök tónlistarrétthafa, sem er ábyrgðaraðili verðlaunanna, hafi óskað eftir þessum breyttu reglum. „Okkur þykir þetta vel við hæfi og við munum gera slíkt hið sama að ári.“



**FJARVERANDI** Nýjasta plata hljómsveitarinnar Hjaltalín, Enter 4, er ekki gjaldgeng til Íslensku tónlistarverðlaunanna á næsta ári.

Enter 4 kom óvænt út á netinu 22. nóvember, eða viku eftir að fresturinn rann út. Síðasta plata Hjaltalín, Terminal, kom út 2009 og seldist í tíu þúsund eintökum á Íslandi. Hún var einmitt valin poppplata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum árið eftir en hefði ekki verið gjaldgeng þá ef nýju reglurnar hefðu verið í gildi, sökum þess hve seint hún kom út.

Til þess að plata sé gjaldgeng til Íslensku tónlistarverðlaunanna þarf fullkláruð útgáfa hennar að vera tilbúin áður en fresturinn rennur út á miðnætti 15. nóvember eða þá að platan sé aðgengileg til hlustunar eins og hún mun endanlega hljóma. Sú er einmitt raunin með nýjustu plötu Péturs Ben, God´s Lonely Man, sem kom út á Gogoyoko.com nokkrum dögum áður en fresturinn rann út. Fyrsta plata Péturs, Wine For My Weakness, var einmitt kjörin plata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2007.

Steinþór Helgi Arnsteinsson, umboðsmaður Hjaltalín, segir hljómsveitina ekki leiða yfir því að taka ekki þátt í Íslensku tónlistarverðlaununum á næsta ári. „Við erum alls ekkert pirruð en það hefði verið gaman að taka þátt í slagnum enda er árið í ár eitt það allra sterkasta sem maður hefur séð í langan tíma. Við vonum bara að enginn verði búinn að gleyma plötunni árið 2014.“

**freyr@frettabladid.is**

## Ellý og Stuðmenn voru of sein

Meðal annarra platna sem náðu ekki að koma út áður en tímafresturinn rann út fyrir Íslensku tónlistarverðlaunin er plata með minningartónleikum Ellýjar Vilhjálms og plata með tónleikum Stuðmanna í Hörpunni.

# Hönnuðir og arkitektar styrktir

Fatamerkið Oswald Helgason hlaut hæsta styrkinn frá Hönnunarsjóði Auroru.

Í gær úthlutaði Hönnunarsjóður Aurora sex og hálfri milljón til hönnuða og arkitekta.

Fatahönnunarmerkið Oswald Helgason hlaut hæsta styrkinn, 1,5 milljónir króna, fyrir frekari þróun og markaðsstarf erlendis. Ingvar Helgason og Susanne Oswald eru hönnuðirnir á bak við merkið sem hefur fengið mikla athygli undanfarið í tískuheiminum.

Spark Design Space fékk 1,2 milljónir króna fyrir gerð kynningarefnis um hönnun og hönnuði sem hafa sýnt í galleríinu. Sömu upphæð hlutu vöru- og grafísku hönnuðirnir Snæfríð Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir fyrir vöruhönnunarverkefnið Textasíða. Ármann Agnarsson fékk einnig 1,2 milljónir króna fyrir rannsóknar- og hönnunarverkefni sem byggist á starfi Gísla B. Björnssonar hönnuðar.



**BROSMILD** Hér má sjá allan hópinn við verðlaunaafhendinguna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðni Valberg arkitekt og Anna Dröfn Magnúsdóttir sagnfræðingur fengu 750 þúsund krónur vegna undirbúnings á gerð bókar um sögu hönnunar og staðarvals helstu bygginga í Reykjavík. Guðrún Eysteinsdóttir textílhönnuður og Hildigunnur Sigurðardóttir hlutu svo hvor sinn 500 þúsund króna styrkinn til frekara náms erlendis. **- áp**

**METRO**
Suðurlandsbraut
og Smáratorgi
Opið 11-23
metroborgari.is

# METRO BLAÐRIÐ

YOU AIN'T SEEN NOTHING YET






# Angus borgarinn mættur á Metro

Nú geta Íslendingar loksins fengið heimsklassa hamborgara úr því sem margir telja besta nautakjöt í heimi - Angus.

Metro hefur fengið takmarkaðar birgðir af kjöti af þessu eftirsótta skoska nautakyni. Boðið er upp á þrjár tegundir af Angus hamborgurum, Angus Steakhouse, Angus DeLuxe og Angus Mushroom. Hver um sig er 150 grömm af Angus nautakjöti, ásamt kálblaði, rauðlauk, sósu, Cheddar osti og öðrum kræsingum.

Kunnur matreiðslumeistari segir að Angus nautakjötið sé „syndsamlega gott“ í hamborgara. „Það er eitthvað við þetta skoska nautakyn sem skapar því sérstöðu,“ segir hann. „Angus kjötið er einfaldlega bragðbetra, en um leið afskaplega meyrt.“

## Angus og Connery: Verður ekki skoskara

Líkt og Sean Connery á Angus nautakynið ættir sínar að rekja til Skotlands. Farið var að rækta Angus nautin um miðja nítjándu öldina. Hægt er að rekja uppruna allra Angus nauta til bús Hugh Watson í Aberdeen. Leikarinn Sean Connery er hins vegar fæddur í Edinborg og rekur ættir sínar í skosku hálöndin og til Írlands.


Cameron Diaz


Christina Ricci


Clay Aiken og Jessica Simpson


Kristin Davis


Kim Kardashian

# Stjörnurnar elska skyndibita

„Franskar kartöflur, vel saltaðar.“ Þannig lýsir leikkonan Cameron Diaz uppáhalds skyndibitanum í viðtali við breska blaðið Daily Mirror.

Hún er ekki ein um að elska skyndibitann. Hamborgarar og franskar eru sá skyndibiti sem stjörnurnar nefna oftast, aðspurðar hvernig þær ná sér í orku í annríki dagsins.

Leikkonan Christina Ricci segist aldrei fá nóg af McDonalds. „Eitt sinn fór ég þrisvar sama daginn á McDonalds,“ viðurkenndi hún í viðtali við Huffington Post. Clay Aiken og Jessica Simpson mættu líka á McDonalds, skelltu á sig svuntum og brugðu á leik.

„Sex in the City“ leikkonan Kristin Davis hugsar um línurnar, en lætur eftir sér hamborgara og franskar þegar svo ber undir. Jennifer Love Hewitt sést oft renna við í lúgunni á uppáhalds kaliforníska skyndibitastaðnum á rjómalitaða Bentleyinum sínum.

Megabomban Kim Kardashian er fræg fyrir ást sína á skyndibitastöðum. Hún leggur áherslu á hollan skyndibita og verður ekki svikin ef hún rennir við á Metro – hvort sem er á Suðurlandsbraut eða Smáratorgi.



Félagarnir Adam Assouane og Össur Örlygsson spila tennis á nýju PS leikjatölvunum.

# Nýjar Playstation Vita leikjatölvur komnar í barnahornið á Metro

Nýjustu Vita Playstation leikjatölvurnar eru komnar í barnahornin á Metro á Smáratorgi og Suðurlandsbraut. Þær hafa slegið í gegn, enda er boðið upp á fjöldann allan af nýjustu PS leikjunum. Vita Playstation eru súper hraðar, með snertiskjá og uppfylla kröfur hörðustu leikjaunnenda – hvort sem þeir eru 4 eða 14 ára.



metro


Alda Lára Ragnarsdóttir er einbeitt í einum af nýju PS leikjunum.

# Ostborgarar í brúðkaupsveislunni

Metro fékk ánægjulega pöntun síðastliðið sumar. Óskað var eftir að fá senda 150 ostborgara sem miðnætursnarl í brúðkaupsveislu. Að sjálfsögðu var það lítið mál og svangir brúðkaupsgestirnir tóku sér hlé frá dansinum á miðnætti til að gæða sér á ostborgurum. Uppátækið vakti mikla ánægju veislugesta, enda eru ostborgararnir á Metro herramannsmatur.

## Íslandsmeistari í Metrokeilu

Sigurgeir Örn Sigurgeirsson vaktstjóri á Metro Suðurlandsbraut (og námsmaður) varð stigahæstur í Íslandsmeistaramóti Metrostarfsmanna í keilu nýlega. Sigurgeir valtaði yfir alla hina 65 samstarfsmenn sína með glæsibrag og hlaut Metro bikarinn í sigurlaun.



# Metro spyr

**Hvað sagði kjúklinganaggurinn á Metro við hinn kjúklinganagginn?**




**Valgeir Sveinsson**
*vélstjóri*
„Þú hér? Ég hélt þú hefðir farið í meðferð.“


**Guðlaug Anný**
*leiðbeinandi*
„Við verðum að hætta að hittast svona.“


**Ragnar Ólason**
*verkfræðingur*
„Alltaf sami naggurinn, ég sá þig vera að spá í þessar frönsku.“


**Þórhildur Fjóla**
*fitnessdrottning*
„Hvað tekurðu í bekkpressu?“


**Sigrún Sif Stefánsdóttir**
*sérfræðingur*
„Rosalega ertu mikið chicken að þora ekki í barbecue sósuna.“

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á eigin spýtur

**Logi Pedro Stefánsson**, bassaleikari stuðsveitarinnar Retro Stefson, gaf í gær út sína fyrstu sóló EP-plötu. Platan heitir Pedro Pilatus og kemur út hjá Cool Kid Music Label. Ásamt því að vera bassaleikari sá Logi um að útsetja nokkur lög á nýjustu plötu Retro Stefson. Þá er hann eftirsóttur plötusnúður á skemmtistöðum Reykjavíkurborgar. Það verður því forvitnilegt að heyra þessa frumraun Loga en meðal annars er hægt að nálgast tónlistina á síðunni Junodownload.com.



### Björt framtíð í Mjölni

Forsvarskarlarnir innan stjórnmálaflokksins Bjartrar framtíðar eru byrjaðir að æfa Víkingaþrek í bardagaklúbbnum Mjölni. Þeir félagarnir **Guðmundur Steingrímsson, Róbert Marshall** og Atli Fannar Bjarkason virðast nú allir ætla að æfa stíft í klúbbnum, en Róbert kom á sína fyrstu æfingu á mánudag. Athugulir tóku eftir því að Róbert var ber að ofan þegar hann klifraði á ógnarhraða upp kaðla, en það tók víst á því þingmaðurinn kastaði mæðinni vel á eftir. Greinilegt er að kapparnir ætla að verða vel undirbúnir fyrir þingkosningarnar í vor.

**- áp, sv**



## Mest lesið VÍSIR

1 Leikari í Two and a Half Men segir þáttinn vera óþverra
2 Íbúðalánasjóður bregst við ummælum Sigríðar Ingibjargar
3 Hlé gert á olíuborun við Færeyjar
4 Leiðir varð að skilja segir formaður
5 Portúgal hættir við þátttöku í Eurovision vegna fátæktar

Egill Árnason™

JUNCKERS
parketolía




*Mundu ...við erum flutt!*

Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
www.egillarnason.is



# Verum græn með Svaninum um jólin

## Hugsaðu um umhverfið um jólin

- Prentaðu jólakortin í Svansvottaðri prentsmiðju
- Farðu á jólahlaðborð á Svansvottuðum veitingastað
- Njóttu rómantískrar helgar á Svansvottuðu hóteli
- Settu Svansvottað í jólapakkann

## Höldum jól með grænum kertum!

Við kveikjum fjórum kertum á... og það skiptir máli hvaða kerti við veljum. Mörg kerti innihalda parafín. Þegar kveikt er á parafínkertum gefa þau frá sér koltvíoxíð sem veldur loftslagsbreytingum og mynda sót sem getur valdið óþægindum í öndunarfærum. Veljum frekar Svansmerkt kerti búin til úr stearíni, þau vernda bæði umhverfið og heilsuna. Koltvíoxíðslosun minnkar sem samsvarar losun 30.000 bíla ef allir Norðurlandabúar velja eingöngu Svansmerkt kerti.

Góð ráð fyrir græn jól: **www.grænn.is**
**www.svanurinn.is**

UMHVERFISMERKI